

Sá þrettán ára fæða börn



Endurreisn í ferðapjónustu



30. APRÍL KL. 14&16

ÆVINTÝRATÓNLEIKAR
SKILABOÐASKJÓÐAN

Fáðu þér sæti!



sinfonia.is

Lífið > 22


Markaðurinn > 8

FRÉTTABLAÐIÐ

76. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MIDVIKUDAGUR 20. APRÍL 2022



Verkfræðinemarnir Sæmundur, Huldar og Ragnar prufusigldu skútu á Reykjavíkurtjörn í gær. Þeir hönnuðu skútuna og smíðuðu sjálfstýringu sem hagar seglum eftir vindi. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR AR

Yfirgnæfandi óánægja með Íslandsbankasölu

Langflestir eru óánægðir með fyrirkomulag sölu Íslandsbanka í mars. Aðeins Sjálfstæðismenn eru ánægðir að hluta. Stjórnarandstaðan krefst þess að Alþingi fundi.

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Alls 83 prósent landsmanna eru óánægð með fyrirkomulag sölu 22,5 prósent hlut ríkisins í Íslandsbanka 22. mars. Þar af eru tæplega 70 prósent mjög óánægð.

Aðeins 7 prósent eru ánægð með hvernig til tókst og 3 prósent mjög ánægð. Þetta kemur fram í nýrri könnun Prósentis fyrir Fréttablaðið.


Nánast enginn marktækur munur er á afstöðu fólks er kemur að kyni, aldri, búsetu, tekjum eða menntun. Allir hóparnir virðast nokkurn veginn jafn óánægðir með sölnu.

Þegar litið er til stjórnmálaskoðana kemur hins vegar fram munur. Það eru stuðningsmenn Sjálfstæðisflokksins sem eru áberandi ánægðastir. Engu að síður aðeins 30 prósent þeirra á meðan 44 prósent eru óánægð og 26 hvorki né.

Stuðningsmenn allra annarra flokka eru afgerandi óánægðir með sölnu, 78 prósent hið minnsta í þeim öllum.

Innan við 5 prósent Framsóknarmanna eru ánægð með sölnu og

Ertu ánægð(ur)(t) með fyrirkomulag sölu á 22,5 prósent hlut ríkisins í Íslandsbanka?



adeins 1 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna. Enginn stuðningsmaður Samfylkingar, Pírata eða Sósíalista er ánægður með sölnu.

Afgerandi munur er þegar spurt er hvaða leið eigi að fara til þess að rannsaka sölnu. Telja mun fleiri að setja eigi á laggirnar sérstaka rannsóknarnefnd á vegum Alþingis en að Ríkisendurskoðun sjái um rannsóknina eins og ríkisstjórnin ákvað.

Alls telja 80 prósent setja eigi á laggirnar rannsóknarnefnd en 11 prósent eru því ósammála. Aftur eru það Sjálfstæðismenn sem skera sig úr, 38 prósent vilja slíka nefnd en 43 prósent ekki. Stuðningurinn er yfirgnæfandi hjá öðrum.

Alls segiast 46 prósent hlynnt rannsókn Ríkisendurskoðunar en 31 prósent er andvígt. Þeir sem voru ánægðir með fyrirkomulag sölnnar eru líklegri til að styðja þessa leið, 70 prósent en 42 prósent þeirra sem voru óánægð með sölnu. 61 prósent Sjálfstæðismanna vill athugasemdir Ríkisendurskoðunar en hlutfallið er á bilinu 29 til 51 prósent hjá öðrum.


Netkönnun Prósentis var gerð 13. til 19. apríl. Úrtakið var 2.150 manns, 18 ára og eldri. Svarhlutfall var 50,3%

Ríkisstjórnin boðar að Bankasýslan verði lögð niður. Stjórnarandstaðan segir að þannig sé reynt að hlaupast undan ábyrgð og krafðist í gær að Alþingi kæmi saman. **SJÁ SIÐU 6**

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE

Allt fyrir virkan lífsstíl



Félagar vilja fund um hópuppsögn

gar@frettabladid.is

STÉTTARFÉLÖG Útlit er fyrir félagsfund í Eflingu um nýafstaðna hópuppsögn á skrifstofu félagsins.

Samkvæmt tilkynningu frá Önnu Sigurlínu Tómasdóttur, trúnaðarmanni Eflingar hjá Kjörís, voru í gær afhentar undirskriftir 493 félaga þar sem krafist er félagsfundar í samræmi við 29. grein laga félagsins.



Að beita hópuppsögnum með þessum hætti dregur alvarlega úr trúverðugleika.

Úr tilkynningu vegna kröfu um félagsfund

Hvorki náðist í Önnu Sigurlínu né Sólveigu Önnu Jónsdóttur, formann Eflingar, í gærkvöldi en samkvæmt nefndri grein laga félagsins er skylt að halda félagsfund „ef minnst 300 félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni“ eins og segir í greininni.

„Nauðsynlegt er að fram fari umræða innan félagsins meðal félagsmanna um hversu hættulegt fordæmi stéttarfélagið setur með beitingu hópuppsagnar með þessum hætti,“ segir um fundarefnið í tilkynningunni. ■

Vorboðar spóka sig



Erlendis ferðamenn flykkjast nú aftur til Íslands í stríðum straumum og hafa í mörg horn að líta því margt er að sjá en tíminn oft stuttur. Þessi hópur fylgdist grannt með leiðsögumanni sínum segja frá landnáminu og Ingólfi Arnarsyni sem sagður er hafa sest hér að fyrstur manna ásamt fjölskyldu sinni og fylgdarliði fyrir tæplega 1.150 árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Mikill mannfjöldi fór um flugstöðina um páskana.

MYND/ISAVIA

Allt gekk smurt í fjölmenni páskana

benediktboas@frettabladid.is

FERÐALÖG „Það gekk mjög vel og engir hnókrar sem við urðum varir við,“ segir Grettir Gautason, staðgengill upplýsingafulltrúa Isavia, en ferðaborsti Íslendinga var svo mikill um páskana að það seldist upp í langtímastæðið við flugvöllinn.

Á um 20 mínútna kafla á mánuðag lentu sjö fullar vélar Icelandair og flugstöðin iðaði aflífi. Þó var lítil bið eftir töskum, í tollinn og út úr uppseldu bílastæðinu þannig að kerfið virkaði greinilega mjög vel.

Þegar Fréttablaðið hafði samband var Isavia ekki búin að taka saman farþega fjöldann en Grettir bendir á að pásakarnir í fyrra og þessir væru eins og svart og hvítt. „Þá voru undir hundrad ferðir í komur og brottfarir en núna voru þetta í kringum sjö hundruð ferðir.“

Grettir segir að þrátt fyrir álagið hafi allt gengið eins og vel smurð vél, hvert sem lítið var. „Það er enginn búinn að kvarta, sem segir að við vorum að gera eitthvað rétt,“ segir hann. ■

Forstöðumenn skíðasvæða harma illviðrasaman vetur

Aðsókn á helstu skíðasvæðin um páskana var mun lakari en í meðalári. Forstöðumenn ekki sammála um skýringar en lægðagangur í vetur hefur reynst rekstrinum erfiður.

bth@frettabladid.is

ÚTIVIST „Ég bjóst við dræmri aðsókn um páskana. Það var metsnjór í Bláfjöllum og metferðalög erlendis,“ segir Brynjar Helgi Ásgeirsson, forstöðumaður Hlíðarfjalls á Akureyri, um það hversu fámenn var í skíðaparadisinni fyrir og um páskana.

Hafa fastagestir sem renndu sér í brekkunum nefnt í samtölum við Fréttablaðið að sjaldan hafi verið eins rólegt.

Magnús Árnason, framkvæmdastjóri skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, segir af og frá að aðstæður í Bláfjöllum hafi laðað að skíðafólk sem annars hefði farið norður í fríinu.

„Ég fékk ömurlega páska,“ segir Magnús.

Hann segir að í raun hafi aðeins verið hægt að skíða almennilega einn dag um páskana í Bláfjöllum vegna roks og rigningar. Þá hafi Skálafell að mestu verið úr leik þar sem rof hafi komið í brautir í leiðindaveðri.

Forstöðumennirnir eru sammála um að veturinn hafi verið sérlega erfiður fyrir umsjónarmenn skíðasvæða, norðan sem sunnan heida. Í Bláfjöllum féll reyndar óvenju mikill snjór fyrir upphaf vertíðar. Það vakti mikla bjartsýni um góðan skíðavetur að sögn Magnúsar en vindar og rigning léku skíðasvæðið grátt eftir að snjórin hrúgaðist upp. Lægðagangurinn leiddi til þess að ítrekað þurfti að loka skíðasvæðinu fyrir gestum.

Að sögn Magnúsar hefur aðeins verið hægt að hafa opið í um 35



Frá Bláfjöllum en þar hefur veðrið leikið gesti grátt í vetur líkt og fyrir norðan.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Ég fékk ömurlega páska.



Magnús Árnason, framkvæmdastjóri í Bláfjöllum

prósent daga frá upphafi vertíðar en þegar vel árar er nýtingin um 55 prósent. Því liggur fyrir að rekstrar- og mannfjöldalega var vertíð þessara tveggja stærstu skíðasvæða landsins döpur en tölfræði um aðsókn liggur ekki enn fyrir.

„Fólk vissi að það væri vorfæri hjá okkur um páskana og við vissum að það yrði rólegt. Rekstrarlega hefði ég viljað sjá miklu fleiri gesti en við vorum á jörðinni í væntingum,“ segir Brynjar Helgi. „Við höfum barist við heilt net af lægðum í vetur,“ bætir hann við.

Eigi að síður er enn von um nokkra góða daga til viðbótar áður en allt bráðnar og skíðasvæðin loka. Í gær var opið í Bláfjöllum, mjög góðar aðstæður og fjöldi fólks á skíðum. Báðir forstöðumennirnir segjast horfa björtum augum fram á við.

Í sumar hefst gríðarleg uppbygging á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins sem gjörbreyta mun aðstöðunni að sögn Magnúsar.

Fyrir norðan eru Andrésar andar leikarnir fram undan sem laða munn að þúsundir gesta. ■

Petta vinsæla eldstæði er komið aftur

Frá Þýskalandi
LANDMANN
Since 1940 and 1942

Vandað eldstæði með neistavörn Yfirbreiðsla fylgir

Opið sumardaginn fyrsta 12-16


49.900

Nánar á www.grillbudin.is

Ball of Fire

Grillbúðin

Smíðjuvegi 2, Kópavogi
Sími 554 0400
www.grillbudin.is



MAXUS

EUNIQ 5 100% RAFKNÚINN 6 SÆTA FJÖLSKYLDUBÍLL

VERÐ KR.

6.690.000

ALLT AÐ

420

KM DRÆGNI

KOMDU Í HEIMSÓKN OG PRÓFAÐU EUNIQ 5,
HANN KEMUR SKEMMTILEGA Á ÓVART



Maxus Euniq 5 er glæsilegur 6 manna **100%** rafknúinn fjölnotabíll með allt að 420 km drægni. Láttu fara vel um þig og aktu inn í framtíðina á umhverfisvænan máta.

- 360° myndavélakerfi.
- Isofix festingar fyrir 3 barnastóla.
- Rafopnun á afturhlera.
- Býðst með toppgrind og dráttarbeisli.



Maxus á Íslandi



YouTube

Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.

www.vatt.is

soludeild@vatt.is / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

vatt ehf

Fuglaflensuveiran sögð afar skæð og heimilishænur aflífaðar

kristinnpall@frettabladid.is

FUGLAR. „Fuglaflensa greindist á býli Reykja á Skeiðum en við erum að bíða eftir niðurstöðum úr sýni um nákvæma tegund veirunnar sem ætti að berast í vikunni,“ segir Brigitte Brugger, sérgreinadýralæknir í málefnum alifugla, um stöðu fuglaflensufaraldursins.

Í gær staðfesti Matvælastofnun að sýni sem voru tekin á býlinu

fyrir helgi bentu til þess að fuglaflensa hefði drepð heimilishænu og villtan hrafn á býlinu. Von er á niðurstöðum úr fjölda sýna á næstu dögum sem gefa skýrari mynd af stöðu faraldursins hér á landi.

„Það var ákveðið að aflífa allar heimilishænur enda voru sjúkdómseinkenni víða á býlinu. Eftir að fyrsta dauða hænan fannst voru aðrar hænur farnar að veikjast. Það bendir allt til þess að um sé að ræða



Hætta er á fuglaflensan ná inn í alifuglabú á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/FRIDRIK

afar skæða fuglaflensuveiru og við göngum út frá því þar til við fáum niðurstöðurnar að utan.“

Brigitte segir að almenningur sé að spyrjast fyrir um neyslu alifugla kjöts og hvort veiran geti borist í önnur dýr og mannfólk.

„Við höfum fengið inn margar fyrirspurnir um hvort óhætt sé að borða egg og afurðir af alifuglum. Það eru hverfandi líkur á því að fólk smitist af neyslu alifuglaafurða,“

segir Brigitte, aðspurð um neyslu alifuglaafurða.

„Það eru dæmi um að smit hafi greinst í refum og minkum sem hafa veitt villta fugla en það eru sárafá dæmi,“ segir Brigitte.

„Eins og staðan er í dag er óþarfi að hafa áhyggjur af því að smit berist í hunda og ketti eða önnur heimildýr, því það hefur til þessa verið mjög ólíklegt að hún berist í önnur dýr eða mannfólk.“ ■



Purrkar í Eþíópíu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Tuttugu milljónir í hungursneyð

kristinnpall@frettabladid.is

AFRÍKA Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna óttast að á bilinu sextán til tuttugu milljónir manna eigi eftir að svelta í kjölfarið af því að ekkert hefur rignt á regntímanum í Kenía, Sómaliu og Eþíópíu.

Þetta er fjórða rigningartímabilið í röð þar sem rigning er undir meðaltali. Á sama tíma finnur svæðið fyrir hækkandi verði á eldsneyti og matvörum vegna áhrifa innrásar Rússa í Úkraínu. Þetta kom fram í nýrri skýrslu Sameinuðu þjóðanna. ■

Skyndileg fjölgun íbúa frá Venesúela

kristinnpall@frettabladid.is

MANNFJÖLDI Íbúum á Íslandi með erlent ríkisfang hefur fjölgað um rúmlega þúsund eða 1,8 prósent á fyrstu fjórum mánuðum ársins. Þetta kemur fram í nýjustu tölum þjóðskrár Íslands. Mesta fjölgunin hefur átt sér stað í hópi Úkraínumanna sem hefur fjölgað um 216 eða 90 prósent á fjórum mánuðum.

Athygli vekur að íbúum frá Venesúela fjölga um 185 eða 40 prósent í byrjun árs. Það helst í hendur við fjölgun íbúa frá Venesúela síðustu ár. Í árslok 2018 voru 39 búsettir hér frá Venesúela en í dag eru þeir 640. Fjölgunin er 1.541 prósent á 40 mánuðum.. ■

Hlýnun jarðar ógn við útgerð á Höfn

Loftslagsbreytingar hafa ólík áhrif á Suðausturland en flest önnur svæði í heiminum. Eldgos gætu orðið tíðari vegna bráðnunar jökla og land í nærumhverfi Vatnajökuls ris í auknum mæli.

ragnarjon@frettabladid.is

HORNAFJÖRÐUR. „Efekkert er að gert þá verður sjálfhætt eftir ákveðinn tíma,“ segir Aðalsteinn Ingólfsson, forstjóri Skinneyjar-Þinganes, einnar helstu útgerðar Hafnar í Hornafirði Aðalsteinn lýsir áhyggjum af þeim landbreytingum sem hafa átt sér á suðausturhorni landsins. Land í nærumhverfi Vatnajökuls hefur risið um 1,7 sentimetra á ári.

Rekja má landrasið til bráðnunar jökla á Íslandi, að sögn Þorvarðar Árnasonar, umhverfisfræðings.

„Í raun er tvennt í gangi sem útskýrir þetta en vissulega er jökullinn að bráðna og leiðir það yfirleitt til þess að sjávarmál hækka. En í þessu tilfalli erum við að tala um jökul sem er átta þúsund ferkílómetrar að stærð og nánast einn kílómetri að þykkt þar sem hann er þykkastur. Svo þegar fargið fer minnkandi losnar um landið fyrir neðan,“ segir Þorvarður.

„Við Hornafjörð liggja tvö lón eða firðir hvoru megin við bæinn,“ heldur Þorvarður áfram. „Þessir firðir virka síðan eins og lungu sem fyllast af sjó og bráðnu jökulvatni á flóði. Svo þegar fjaran kemur þá dælist sjórinn í fjörðunum út í hafið. Við það hreinsast hluti af sjávarsetinu út með fráfallinu. Eftir því sem firðirnir og landið ris þá verða Hornafjörðurinn og Skarðsfjörðurinn sífellt grynri og ná ekki að viðhalda eins miklum vatnsmassa.“

Þessi áhrif hlýnunar jarðar hér á landi eru ólík því sem gengur og gerist víða annars staðar í heiminum, þar sem hætta er á að sjór flæði yfir lönd og eyjar í síauknum mæli.



Stærð Vatnajökuls hefur þær sérstöku afleiðingar að sjávarmál hækka ekki heldur lækka við hlýnun jarðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



Þegar fargið fer minnkandi losnar um landið fyrir neðan.



Þorvarður Árnason, umhverfisfræðingur

Breytingarnar hafa í för með sér aukna hættu á að stærri skip reki á land við annaðhvort innsiglingu eða útsiglingu við Hornafjörð, en við það verður öll útgerð frá einni fengsælustu höfn Suðausturlands flóknari.

„Menn hafa talað um að fara í ákveðnar aðgerðir eins og að dýpka ósinn en slíkar aðgerðir gætu kostað milljarða eða jafnvel tugi milljarða og auðvitað er spurning um hvort slíkar aðgerðir myndu virka. En fyrst og fremst verðum við líka að hafa í huga öryggi þeirra sem starfa við sjómennsku hér á þessum miðum,“ segir Þorvarður.

Það er þó ekki einungis hætta

sem skapast við sjósókn sem veldur áhyggjum heldur einnig þær afleiðingar sem þessar landbreytingar hafa á gosstöðvar á svæðinu.

„Við teljum einhverjar níu gosstöðvar eða háhitasvæði undir jökulhettunni verða fyrir áhrifum út frá loftslagsbreytingum. Eftir því sem að isinn minnkar á kvikan sífellt auðveldara með að leita upp.“

Þannig má með aukinni bráðnun jökla búast við aukinni virkni eldstöðva á Íslandi. Einhverjar helstu eldstöðvar landsins eru á svæðinu. Ber þar helst að nefna Grímsvötn, Örafajökul og Bárðarbungu en allar þessar stöðvar liggja undir Vatnajökli. ■



Gleymdu þér í góðum félagsskap!

Á námskeið Endurmenntunar eru öll velkomin!

Skoðaðu úrvalið á endurmenntun.is



Takk, kæri Velunnari



Krabbameinsfélagið lætur sig allt varða þegar krabbamein eru annars vegar og sinnir öflugri hagsmunagæslu, rannsóknum, ráðgjöf og stuðningi, fræðslu og forvörnum. Með Velunnurum vinnum við alla daga að enn meiri framförum. Að koma í veg fyrir krabbamein, fækka þeim sem deyja af völdum krabbameina og bæta lífsgæði sjúklinga og aðstandenda þeirra. Með stuðningi Velunnara Krabbameinsfélagsins þarf enginn að vera einn með krabbamein.

Með þér getum við gert svo ótalmargt.



Krabbameinsfélagið

krabb.is/velunnari

Ríkisstjórnin reyni að biða af sér bankaklúður

Þung orð falla eftir að ríkisstjórnin ákvað að leggja Bankasýsluna niður. Stjórnsmálafræðingur segir koma á óvart hve Katrín Jakobsdóttir standi þétt við bak Bjarna Benediktssonar.

bth@frettabladid.is
kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Ríkisstjórnin sætir harðri gagnrýni frá minnihlutunum eftir yfirlýsingu formanna þriggja í gær um að Bankasýslan verði lögð niður. Ákvörðun um þetta er tekin til að bregðast við því að framkvæmd sölu 22,5 prósent hlut ríkisins í Íslandsbanka stóð ekki að öllu leyti undir væntingum eins og segir í yfirlýsingu. Stjórnsmálafræðingur segir útspil ríkisstjórnarinnar óvænt og djarft.

„Ég held að ríkisstjórnarsamstarfið standi á traustum grunni en hins vegar er það svo í mínum flokki, Vinstri grænum, að þar er mjög skýr krafa á mig og okkur sem erum þar í forystu að tryggja það að hér verði allt uppi, allt upplýst því þetta er stórmál að okkar viti,“ sagði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra á Fréttavaktinni á Hringbraut í gær. Hún segir gagnflæði og upplýsingamiðlum í aðdraganda sölnunnar hafa brugðist. „Það var okkar ákvörðun um að birta listann yfir kaupendur sem Bankasýslan vildi ekki birta.“

Fulltrúar minnihlutans á Alþingi gefa lítið fyrir skýringar ríkisstjórnarinnar. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, kallar eftir því að þingið komi tafarlaust saman til að geta sinnt eftirlitshlutverki sínu.

„Það er verið að refsa Bankasýslunni fyrir það sem ríkisstjórnin ákvað,“ segir Þorgerður og nefnir að hin misheppnaða bankasala hafi líka eyðilagt fyrir þeim sem vilja ekki að ríkið sé stór leikandi á bankamarkaði. Í yfirlýsingu stjórnarinnar kemur fram að ekki verði meira selt í Íslandsbanka að sinni og verður ákvörðun um slíkt tekin eftir uppstokkun kerfisins.



Bjarni, Katrín og Sigurður Ingi ætla að leggja niður Bankasýsluna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Það er verið að refsa Bankasýslunni fyrir það sem ríkisstjórnin ákvað.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar

„Þetta var alveg fyrirsjáanlegt og augljóslega gert til að frýja fjármálaráðherra ábyrgð sem hann ber svo sannarlega, á dæmalausi framkvæmd málsins,“ segir Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar.

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, þingmaður Flokks fólksins, tekur í svipaðan streng. „Það á greinilega að gera Bankasýsluna að eina sökdólginum og láta eins og þáttur fjármálaráðherra og ríkisstjórnarinnar sé enginn,“ segir hún.

Hún segir að yfirlýsingin sé þó viðurkenning á að bankasalan hafi verið klúður. Sjálf telur hún sölnuna krefjast óháðrar rannsóknarskýrslu með ríkar heimildir. Fjármálaeftirlitið sé rúíð trausti.

Stjórnarliðar virðast hins vegar sáttrir við yfirlýsinguna. Helgi Héðinsson, varaþingmaður Framsóknarflokksins, var einn af þeim harðorðustu fyrr í mánuðinum og lýsti sölnunni sem „hneyksli“, „dæmalausu klúðri“ og „miskunnarlausri sérhagsmunagæslu“ fyrir föður Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra.

Nú segist hann ánægður með að verið sé að taka af skarið með afgerandi hætti í ljósi þeirrar gagnrýni sem fram hafi komið. „Ég treysti því að fólk standi heilshugar á bak

við þessa úrlausn,“ segir Helgi. Segist hann ekki líta svo á að verið sé að henda embættismönnum fyrir vagninn.

Steinunn Þóra Árnadóttir, þingmaður Vinstri grænna, segist ekki geta talað fyrir alla flokksmenn en hún sé ánægð með yfirlýsinguna. Aðspurð svarar hún því ekki hvort að yfirlýsingin sé viðurkenning ríkisstjórnarinnar á að bankasalan hafi verið klúður. Mörgum spurningum sé hins vegar ósvarað. „Framkvæmdin var ekki eins og við töldum okkur vera að leggja upp með,“ segir Steinunn.

Aðspurð um stöðu fjármálaráðherra segir Steinunn ekki kalla eftir að hann segi af sér. Mikilvægt sé að Bjarni hafi beitt sér fyrir að kaupendalistinn hafi verið birtur og að málið sé rannsakað.

Baldur Þórhallsson stjórnsmálafræðingur segir það vekja athygli hve Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra standi þétt við bak Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra í þessu máli.

„Það sem skiptir ríkisstjórnarflokkana mestu er að tryggja stöðugleika á stjórnarheimilinu og að stjórnin hreinlega haldi velli,“ segir Baldur.

Erfiðara sé að segja til um hvort útspilið, sem Baldur kallar bæði óvænt og róttækt, lægi öldurnar í samfélaginu.

„Ég hafði ekki séð þá kröfu fyrir að Bankasýslan yrði lögð niður – þannig að út frá pólitíkinni er þetta snjallt útspil sem kemur mörgum á óvart. Með þessu er stjórnin að segja að Bankasýslan beri ábyrgð og hafi klúðrað málinu illilega.“

Baldur segir að það hve þétt forsætisráðherra hafi staðið með fjármálaráðherra styrki stöðu Bjarna Benediktssonar verulega í ríkisstjórninni og ekki síst í bankasölu málinu. „Katrín stendur miklu nær Bjarna í þessu máli en þegar Sigurður Ingi lét óviðurkvæmileg orð falla. Þá vísaði hún til siðareglna og sagði að ráðherrar þyrftu að lúta þeim.“

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra vísar á bug að hún standi þéttar við bak Bjarna en Sigurður Inga. Innt viðbragða við orðum stjórnsmálafræðingsins segir Katrín að fyrst þegar mál formanns Framsóknarflokksins kom upp hafi hún sagt að hún tæki fullt mark á afsökunarbeiðni Sigurðar Inga.

„Út frá pólitíkinni er þetta snjallt útspil sem kemur mörgum á óvart. Með þessu er stjórnin að segja að Bankasýslan beri ábyrgð og hafi klúðrað málinu illilega,“ segir Baldur Þórhallsson prófessor í stjórnsmálafræði.

„Það er stutt síðan Bjarni sjálfur sagði að allir ættu jú að vera jafnir fyrir lögum. Hér eru heilu stofnarnir lagðar niður og lögum breytt svo enginn þurfi að segja hið augljósa; fjármálaráðherra er ekki sett eftir að hafa selt pabba sínum og viðskiptafélögum úr hruninu bankann,“ segir Atli Þór Fanndal hjá Transparency Iceland. Bjarni hafa aldrei verið hæfur til að selja bankana. „Hann verður ekkert hæfari þótt þau þrjú ákveði að loka bankasýslunni.“ ■



ÚÚ
ÚRVAL ÚTSÝN

9 DAGAR Á TENERIFE



24. APRÍL - 03. MAÍ 9 DAGAR
HG TENERIFE SUR 3*
VERÐ FRÁ **117.900 KR**
ÍBÚÐ MEÐ EINU SVEFNHERBERGI
Á MANN M.V. 2 FULLRÖÐNA OG 2 BÖRN



HÁLF
FÆÐI

24. APRÍL - 03. MAÍ 9 DAGAR
HOVIMA JARDIN CALETA 3*
VERÐ FRÁ **139.900 KR**
ÍBÚÐ MEÐ EINU SVEFNHERBERGI OG HÁLFU FÆÐI
Á MANN M.V. 2 FULLRÖÐNA OG 2 BÖRN

ÚRVAL ÚTSÝN

HLÍÐASMÁRI 19, 201 KÓPAVOGUR

SÍMI 585-4000

INFO@UU.IS



Leikskóli í út-
hverfi Kænugarðs varð fyrir
árás Rússa.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Rússar auka sóknarþunga í Donbas

kristinnpall@frettabladid.is

ÚKRAÍNA Árásir Rússa í Úkraínu héldu áfram í gær og virðast rússnesk yfirveld staðráðin í að ná yfirráðum í Donbas-héraðinu áður en lengra er haldið. Forseti Úkraínu, Volodímír Selenski, segir að stærsti hluti rússnesku herdeildarinnar sé nú að reyna að ná yfirráðum í Austur-Úkraínu. Rússnesk yfirveld greindu frá því að herinn hefði hitt 1.260 skotmörk í árásum aðfaranótt þriðjudags.

Evrópskur embættismaður sem fréttastofan Reuters ræddi við óttast að hafnarborgin Mariúpól falli á næstu dögum og að borginni og íbúum hennar verði gjöreytt. Umræddur embættismaður sem, vildi ekki koma fram undir nafni, taldi að íbúar borgarinnar myndu upplifa sömu örlög og íbúar Bútsja. Borgarstjórinn í Mariúpól hefur



Úkraínnumenn áætla að kostnaður við enduruppbyggingu innviðanna sem Rússar hafi eyðilagt kosti hundrað milljarði dala.

áður sagt að um tíu þúsund almennir borgarar hafi látið lífið í borginni í stríðinu og að lík almennra borgara væru á við og dreif í borginni. Á sama tíma fullyrta rússnesk hernaðaryfirveld að það væri ekki satt að þúsundir óbreyttra borgara væru innikrouð í stálverksmiðju í Mariúpól. ■

Allir út að hjóla



HAGKAUP



Úrval af
hlaupahjólum

Verð frá
9.999 kr



Hjálmur

2.999 kr



16" reiðhjól

23.999 kr



26" Speedster

39.999 kr



24" Alissa

37.999 kr

■ Skoðun

Guðmundur Gunnarsson



Kaldur sviti

Mögulega er það að renna upp fyrir ykkur þar sem standið í anddyrinu með flugfreyjutöskuna, brún og sælleg eftir páskafríð, að það eru að koma kosningar. Aftur.

Það þýðir, með öðrum orðum, að við erum að renna inn í annað blómaskeið hins brosandí fram-bjóðanda. Enn eina uppskeru-hátíð blaðagreina um velsæld, framtíð og breytingar.

Ég veit hvað þið eruð að hugsa. Ekki beint vorboðinn sem þið sáuð fyrir ykkur. En þá er líka mikilvægt að muna að kosningar í héraði eru ólíkar kosningum til þings. Þær eru nær okkur og varða daglega lífið.

Sveitarstjórnarkosningar eru tími fólksins sem ætla að gera allt strax. Byggja sundlaugar fyrir börnin og taka upp alls konar gjaldfrjálst fyrir fullorðna fólkið.

Þetta er gósentíð loforðanna. Yndislegur tími í augum allra nema fjármálastjóra sveitarfélaga. Sem svitna á enninu yfir hverjum nýjum útgjaldalið sem fylgja fersku loforði.

Ekki misskilja mig samt. Það er mjög mikilvægt að hugsa stórt og sýna metnað. Það er það sem við eigum að gera í kosningum.

Ég kalla bara eftir því að fram-bjóðendur haldi jarðsambandi. Ryni í stöðuna og lofi ekki upp í ermina á sér.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur reynt að hafa uppi varnaðarorð og benda á skalla-bletti í rekstrinum. Yfirbygging sveitarstjórnarstígsins hefur bólgnad út án þess að þjónustan beri þess merki. Sveitarfélögin eru of fá og umfangið í efstu lögum er of mikið.

Þjónustan sem þeim ber að veita líður fyrir þá staðreynd að tekjurnar duga ekki fyrir útgjöldunum.

Það skynsamlegasta sem fram-bjóðendur geta gert í slíku ástandi er að útlista hvernig þeir ætla að stoppa upp í götin.

Aðeins þannig er hægt að gera allt þetta skemmtilega. Búa til eitthvað nýtt.

Komandi kosningabaráttu verður því að vera raunsæ. Þeir sem sækjast eftir áhrifum þurfa að leita jafnvægis í lofordunum. Horfa bæði á tekjur og gjöld.

Ef aðkallandi rekstrarvandi sveitarfélaganna hverfur í einhverju stjórnuryki hástemmdra loforða í þessum kosningum, þá er hætt við því að kaldur sviti fjármálastjórans spretti fram á fleirum þegar líður á kjörtímabilið. ■



Viðmælendur Markaðarins eru sammála um að sumarið líti almennt vel út hvað varðar ferðaþjónustuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYBÓR

Endurreisn ferðaþjónustunnar hafin

Framkvæmdastjóri Travia segir að líklegt sé að sá fjöldi ferðamanna sem sækir landið heim á komandi misserum fari fram úr væntingum. Formaður Samtaka ferðaþjónustunnar segir að svo geti farið að ferðaþjónustan nái ekki að anna eftirspurn.

magdalena@frettabladid.is

Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, segir í samtali við Markaðinn að óhætt sé að fullyrða að endurreisn ferðaþjónustunnar sé hafin af fullum krafti.

„Allar tölur styðja það. Bæði ef við horfum til fjölda ferðamanna, sem hafa komið til landsins síðustu mánuði sem og gistinátta á hótélum. Þetta eru helstu mælikvarðar sem við höfum nokkurn veginn í rauntíma og þeir segja okkur báðir að þetta sé allt á uppleið,“ segir Bjarnheiður og bætir við að sumarið líti almennt vel út hvað ferðaþjónustuna varðar.

„Bókanir eru sums staðar á pari við árið 2019 eða það sem var fyrir faraldurinn. Við erum að sjá miklu hraðari bata en flestir reiknuðu með en auðvitað getur margt breyst en það er óhætt að segja að horfurnar eru góðar ef við horfum heilt yfir. Maður hefur jafnvel áhyggjur af því að við náum ekki að mæta allri eftirspurn, sérstaklega yfir háönnina. Það er sums staðar þétt bókað og ómögulegt að fá gistingu á sumum stöðum í júlí og ágúst. Einnig er farið að bera á skorti á bíla-leigubílum sem hefur viðtæk áhrif.“

Aukning í að ferðamenn bóki í gegnum ferðaskrifstofur

Haukur segir áhugavert að það færist í aukana að ferðamenn bóki í gegnum ferðaskrifstofur. „Ferðaskrifstofur eru að bóka gríðarlega mikið og hægt er að áætla að fjöldi ferðamanna sem kemur inn á næsta ári verði 30-35 prósent í gegnum ferðaskrifstofur. Það er virkilega há tala og við sjáum þetta bara út frá hugbúnaðinum sem við erum með sem heitir Travia.“



Þetta er ekki búíð þótt horfurnar séu góðar. Fyrirtækin eru öll meira og minna í sárum þannig að gott ár núna eykur líkur á að fleiri fyrirtæki hafi þetta af.



Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar



Haukur Birgisson, framkvæmdastjóri Travia

Haukur Birgisson, framkvæmdastjóri Travia, sem er markaðstorg fyrir ferðaskrifstofur, segir að það stefni í að á komandi mánuðum verði mikið að gera í ferðaþjónustu.

„Það hafa verið settar fram ýmsar spár varðandi fjölda ferðamanna og mín tilfinning er sú að fjöldi ferðamanna sem sækir landið heim muni fara fram úr væntingum,“ segir Haukur og bætir við að bókuarstaðan líti virkilega vel út á landsvísu.

„Ef við skoðum höfuðborgarsvæðið í júlí næstkomandi þá sjáum við um 600 prósentu aukningu miðað við sama tíma í fyrra. Ef við tökum ágúst erum við að horfa á um 500 prósentu aukningu.“

Bjarnheiður segir að þó sé björninn ekki unninn og mörg fyrirtæki í ferðaþjónustu séu í fjárhagskröggum enn þá.

„Þetta er ekki búíð þótt horfurnar séu góðar. Fyrirtækin eru öll meira og minna í sárum þannig að gott ár núna eykur líkur á að fleiri fyrirtæki hafi þetta af. Það þarf að hafa það í huga að stór hluti eigin fjár í greininni þurrkaðist nánast út meðan á faraldrinum stóð, þannig að það er mikið sem á eftir að vinna upp.“

Aðspurð hvort hún finni fyrir því að stríðið í Úkraínu hafi áhrif á ferðavilja segir hún svo alls ekki vera. „Það hefur ekki sýnt sig á nokkurn hátt hér á Íslandi. Það er jafnvel hugsanlegt að hingað komi jafnvel enn fleiri ferðamenn fyrir vikið, því það eru ferðamannastaðir í Austur-Evrópu sem eru að detta út og þá beinist umferðin annað.“

Haukur segir að stríðið í Úkraínu hafi hægt á bókuartíðninni en hún hafi síðan náð sér á strik aftur. Hann bætir við að þó vel gangi í greininni séum við þó ekki komin á sama stað og við vorum fyrir faraldurinn.

„Við erum alls ekki komin þangað. Það getur verið að það séu einhver fyrirtæki sem standa betur en önnur vegna markaðsstöðu og slíks en ef við lítum á heildina er langt í að við komumst á sama ról og var fyrir faraldur.“

Haukur segir aðspurður hvort ferðaþjónustan muni eiga erfitt með að anna eftirspurn að það fari allt eftir því hvaða vara sé litíð til.

„Það hefur verið rætt um það almennt að bílaleigur eigi ekki nægilega marga bíla til að mæta þörfum ferðamanna og það kann að vera að það dragi úr eftirspurn eftir hótélum úti á landi.“ ■



FÆRÐU ÁSTVINUM ÞÍNUM ÓSKASKRÍN

– UPPLIFUN Í ÖSKJU

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín

Sumarlestur krakkanna


Þú finnur úrval af ævintýrum fyrir krakkana hjá okkur!



Dýraráðgátan
3.699 kr. VERÐ ÁÐUR 4.659 KR.



Algjör steliþjófur!
2.899 kr. VERÐ ÁÐUR 3.799 KR.



Bekkurinn minn 3 - Lús!
2.499 kr. VERÐ ÁÐUR 3.839 KR.



Umskiptingur
3.999 kr. VERÐ ÁÐUR 4.849 KR.



Kennarinn sem kveikti í
3.999 kr. VERÐ ÁÐUR 5.199 KR.



Líf og fjör í Ólátagarði
3.599 kr. VERÐ ÁÐUR 4.399 KR.



Miðbæjarrottan
3.999 kr. VERÐ ÁÐUR 5.189 KR.



Kúggur 17 & 18
Kátt er í Köben / Skordýraþjónusta Málfríðar
1.999 kr. VERÐ ÁÐUR 2.599 KR. (STK.)



Ísadórá Nótt fer á ballettsýningu
2.599 kr. VERÐ ÁÐUR 3.199 KR.

www.penninn.is
s: 540-2000



Frí heimsending*

ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar

*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjaþjónustu

PENNINN

Eymundsson

Regluverk er verulega íþyngjandi hér á landi

Reglubyrði hamlar verðmætasköpun. Samkeppnis-skilyrði lakari hér en í nágrennaríkjum.

Björn Jón Bragason

Fyrir viku vísaði ég hér á þessum vettvangi til gagnrýni fyrrverandi forstjóra ríkisfyrirtækisins Íslands-pósts sem sagði fyrrverandi formann stjórnar hafa sýnt lítinn áhuga á hagræðingu í rekstri – meginmáli hafi skipt að uppfylla pólitískar væntingar stjórnmalaflokkanna. Fyrir ári síðan var líka greint frá því að fulltrúi stjórnarandstöðunnar í stjórn Íslands-póst hefði verið rekinn úr stjórninni fyrir það eitt að spyrja gagnrýnna spurninga. Umrætt ríkisfyrirtæki er eitt margra fyrirtækja í opinberri eigu sem starfa á samkeppnismarkaði. Sum þessara ríkisfyrirtækja njóta stuðnings í formi lánsbygða sem ekki er alltaf færður til bókar og þá eru þess dæmi að fyrirtæki í opinberri eigu fái undanþágur frá lögum, til að mynda hvað varðar leyfi fyrir framkvæmdum og greiðslu skatta.

Íslendingar eru aðilar að Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) en hún hefur gefið út leiðbeiningar um stjórnunarrhætti fyrirtækja í ríkiseigu. Þar er lagt til að ríki og sveitarfélög semji fyrirtækjum sínum eigendastefnu og birti hana. Í leiðbeiningunum kemur meðal annars fram að rökstyðja þurfi hvers vegna tiltekinn rekstur eigi að vera í höndum hins opinbera og hvernig það þjóni hagsmunum samfélagsins en að álit OECD þarf að yfirfara þetta mat reglulega. Ekki er ósennilegt að úttekt á ríkisfyrirtækjum hér á landi leiddi í ljós að margvislegur opinber rekstur væri betur kominn í höndum einkaaðila.

Ríkið umsvifamikil

Íslands-póstur er dæmi um ríkisfyrirtæki sem starfar að fullu á samkeppnismarkaði en einkaréttur á póstdreifingu hefur nú verið felldur úr gildi. Þegar hið opinbera keppir við einkafyrirtæki takmarkast eðlilega möguleikar til atvinnurekstrar á viðkomandi sviði. Þetta dregur úr hagsæld og rýrir samkeppni. Við blasir að einkaaðilar geta vel sinnt allri þeirri þjónustu sem Íslands-póstur veitir.

Annað ríkisfyrirtæki á samkeppnismarkaði er Friðhöfnin, ein umsvifamesta smásöluverslun landsins, sem nýtur toll- og skatt-



Íslands-póstur er dæmi um ríkisfyrirtæki sem starfar að fullu á samkeppnismarkaði.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

leysis og er í beinni samkeppni við innlenda verslun. Með þessu fyrirkomulagi annast ríkisvaldið meðal annars stóran hluta sölu á ilmvoðnum og snyrtivörum hérlendis. Þá mismunar ríkisvaldið borgurunum með smásölurekstri í flugstöðvum þar sem þeir hinir efnameiri eiga vitaskuld frekar kost á að ferðast mikið og geta því oftast keypt skattfrjálsan varning.

Launaskrið hjá hinu opinbera

Hér er að framan hefur eingöngu verið vikið að atvinnurekstri ríkisins en langstærstur hluti hins opinbera er fölginn í starfsemi sem strangt til tekið telst ekki til atvinnurekstrar. Og útgjöldin hækka ár frá ári. Frá því að kórónuveiran skall á heimabyggðinni hafa laun hjá hinu opinbera hækkað hér á landi um 18% líkt og bent var í nýlegri álitsergerð Viðskiptaráðs. Þetta er úr takti við framleiðniaukningu og skýr vísibending um að hið opinbera sé leiðandi í launapróun hérlendis. Árið 2020 nam launakostnaður hins opinbera 16 prósentum af landsframleiðslu en meðaltal Evrópusambandsríkja er 11 prósent. Hið opinbera sagnar til sín sífellt stærri hluta vinnuafllsins og í sumum greinum er ekki óvarlegt að tala um atgervisflotta frá einkafyrirtækjum til hins opinbera. Æ oftast heyrast á tali ungs menntafólks að það kjósi helst að starfa hjá hinu opinbera.

Til mikils að vinna

Ríkisstjórnin leggur áherslu á það í stjórnarsáttmála sínum að regluverk verði einfaldað. En þannig var líka komist að orði í stjórnarsáttmála sömu flokka sem settur var saman í árslok 2017. Síðan þá hefur lítið verið aðhafst í þessu efni og því erfitt að sjá fyrir sér að nokkur meiriháttar skref verði stigin í átt að einföldun regluverks á þessu kjörtímabili. Það skortir einfaldlega pólitískan vilja enda illmögulegt að setja fram skýra pólitíska sýn hjá jafn ólíkum flokkum. Líkt og bent er á í pistlinum er regluverk verulega íþyngjandi hér á landi hvort heldur lítið er til sögunnar eða horft til nágrennaríkja. Fátt er betur til þess fallið að bæta samkeppnisstöðu þjóðarbúsins og bæta um leið lífskjör en einföldun regluverks.

Lítið gert til að draga úr kostnaði

Glögg er gests augað og rétt að leggja sérstaklega við hlustir þegar Efnahags- og framfarastofnunin bendir á það sem betur má fara í rekstri hins opinbera hér á landi. Hún hefur til dæmis itrekað vikið að því í skýrslum sínum að ráðast þurfi í umbætur á almannatryggingakerfinu og er þá sérstaklega horft til kostnaðar vegna örorku en á árabílinu 2000 til 2015 jókst hlutfall opinberra útgjalda vegna sjúkdóma, örorku og fötlunar umtalsvert. Fór úr 4,5 prósentum í 6,6 prósent.

OECD hvetur íslensk stjórnvöld til að leggja áherslu á að styðja örorkuþega til aukinnar virkni á vinnu-markaði. Samtök atvinnulífsins hafa bent á að þessum tillögum hafi ekki verið sinnt. Þvert á móti sé að finna sérstakar hækkningar umfram

almennt verðlag til málaflökksins í fjárlögum fyrir þetta ár. Til örorkulífeyris er varið tæpum 54 milljörðum samkvæmt fjárlögum 2022 en ef lítið er til ríkisreiknings 2020 nam sú upphæð 46 milljörðum en það er um það bil fimmtán prósent hækkun á aðeins tveimur árum.

Óhófleg reglubyrði

En það er ekki einasta svo að umsvif hins opinbera fari hratt vaxandi. Hið sama gildir um regluverkið. Á árinu 2021 voru breytingareglugerðir 510 talsins en áratug fyrr voru þær 166. Það samsvarar 207 prósentu fjölgun. Þetta er skýr vísibending um að reglubyrði fari vaxandi sem vitaskuld íþyngir öllu athafnalífi landsmanna. IMD viðskiptaháskólinn í Lausanne í Sviss rannsakar samkeppnishæfni ríkja



Á árinu 2021 voru breytingareglugerðir 510 talsins en áratug fyrr voru þær 166 en það samsvarar 207 prósentu fjölgun.

og samkvæmt úttekt hans er Ísland eftirbátur hinna Norðurlandanna þegar kemur að því að skapa hagfelld umhverfi fyrir viðskiptalíf. Danmörk er í öðru sæti á listanum, Svíþjóð í fjórða, Noregur því áttunda og Finnland í tólfta. Ísland rekur aftur á móti lestina meðal grannþjóðanna og er í 21. sæti.

Þá eru þess ótal dæmi hér á landi að regluverk Evrópusambandsins sé innleitt með meira íþyngjandi hætti en þörf er á til að uppfylla skuldbindingar Íslands á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagsvæðing. Þannig nýta stjórnvöld ekki þær undanþágur sem í boði eru. Viðskiptaráð hefur í því sambandi bent á að Ísland hafi við innleiðingu á reglugerð ESB um persónuvernd ekki nýtt þær ívilnandi undanþágur sem heimilrar voru og grannríkin nýttu sér.

Stöndum öðrum langt að baki

Efnahags- og framfarastofnunin kannar með reglulegu millibili hversu íþyngjandi regluverk aðildarríkjanna er í þjónustuviðskiptum. Ísland kemur verst út úr þeim sam-anburði en í næstu sætum – með minna íþyngjandi regluverk – eru Mexíkó, Tyrkland og Ísrael – ríki sem við berum okkur ekki gjarnan saman við. Samkvæmt þessum mælikvarða stöndum við langt að baki hinum Norðurlöndunum.

Margvislegra aðgerða er þörf til að auka samkeppnishæfni landsins og bæta um leið skilyrði til verðmætasköpunar. Þungt regluverk bitnar verst á litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem eðlilega geta síður starfað í flóknu regluumhverfi en þau hin stærri. Með einfaldara regluverki er líka dregið úr aðgangshindrunum á markaði og ýtt undir aukna samkeppni öllum almenningi til hagsbóta. ■

Eignir Gildis-lífeyrissjóðs hafa fimmfaldast frá stofnun

ggunnars@frettabladid.is

Raunávöxtun Gildis-lífeyrissjóðs nam 12,4 prósentum á síðasta ári samkvæmt ársuppgjöri sjóðsins fyrir árið 2021.

Hrein eign sjóðsins í lok árs nam rétt rúmlega 916 milljörðum króna og jókst um 152 milljarða króna á milli ára.

Munar þar mest um hreinar fjárfestingartekjur á árinu sem námu 138,5 milljörðum króna. Góð ávöxtun sjóðsins á árinu 2021 var fyrst og fremst borin uppi af innlendum og erlendum hlutabréfum og erlendum framtakssjóðum. Innlend skuldabréf skiluðu einnig góðri ávöxtun á árinu sem og flestir aðrir eignaflokkar.

Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis, segir hagfelldar aðstæður á markaði fyrst og fremst skýra þessa góðu afkomu. „Lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar og í því sambandi má benda á að hrein raunávöxtun á síðustu fimm árum er 8,5 prósent og síðustu tíu ár 7,1 prósent,“ segir Árni.



Hrein eign Gildis-lífeyrissjóðs nam 916 milljörðum króna í lok síðasta árs

Gildis-lífeyrissjóður er fjölmennasti lífeyrissjóður landsins en í lok árs 2021 áttu tæplega 252 þúsund sjóðfélagar réttindi hjá sjóðnum. Þá greiddu rúmlega 6.700 launa-

greiðendur iðgjöld fyrir tæplega 53 þúsund sjóðfélaga á síðasta ári.

Sjóðurinn varð til árið 2005 við sameiningu Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna.



Afkoman er afar góð enda voru aðstæður á markaði mjög hagstæðar á árinu 2021.



Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis-lífeyrissjóðs

Við stofnun námu eignir sjóðsins rúmlega 181 milljarði króna, sem þýðir að sjóðurinn hefur ríflega fimmfaldast á sextán árum.

Árið 2011 námu eignir sjóðsins ríflega 265 milljörðum sem þýðir að sjóðurinn er í dag ríflega þrjú sinnum stærri í eignum en hann var fyrir 10 árum síðan. Það samsvarar því að hrein eign sjóðsins hafi hækkað um 65 milljarða á hverju einasta ári síðastliðinn áratug.

Allir stærstu lífeyrissjóðir landsins hafa nú birt ársuppgjör síðasta árs. Raunávöxtun Lífeyrissjóðs verslunarmanna nam 11,5 prósentum á síðasta ári, LSR skilaði 10 prósent raunávöxtun og Birta lífeyrissjóður 10,1 prósent. Raunávöxtun Gildis var sem fyrr segir 12,4 prósent.

Samanlagðar eignir þessara fjögurra stærstu lífeyrissjóða landsins námu um 4 þúsund milljörðum króna í lok síðasta árs.

Farið verður ítarlega yfir afkomu Gildis á ársfundi sjóðsins þann 28. apríl næstkomandi. ■



HÚSASMIÐJAN

FYRIR
ÞIG

Öll reiðhjól

20%
afsláttur

Sumargjafir

Rafmagnshjól Umhverfisvænt, 250W, 25 km hraði, drægni 70 km

enox:
enjoy life
ÞÝSKT GERAMERKI

20%

Rafmagnsreiðhjól, 26"

Yadea rafmagnsreiðhjól, 7 gíra borgarhjól, 36V rafhlaða undir bögglaþera, Bafang mótór að framan, hleðstutími 3-6 klst., ektró V bremsur. 3903103

151.920 kr
189.900 kr



Gildir til fimmtudags

26" reiðhjól



20%

AUTHOR

Reiðhjól, 26"

A-Matrix 26 26", hvítt/grátt 13,5" stelli, 2022 Author, 18 gíra, Þyngd: 12,9 kg, hæð: 130 - 155 cm. 3901794

43.112 kr
53.890 kr

20" reiðhjól



20%

AUTHOR

Reiðhjól, 20"

Melody 20" hvítt/bleikt 10" stelli, 2022 Author, 6 gíra. Hentar vel börnum frá 115 cm - 135 cm á hæð, þyngd: 10,3 kg. 3901789

34.312 kr
42.890 kr

26" reiðhjól



20%

AUTHOR

Reiðhjól, 26"

Thema C700 hvítt/rautt 17" stelli, 2022 Author. Hentar vel fyrir notenda að hæð 155 - 169 cm & 169 - 182 cm, þyngd: 12,3 kg. 3901802-3

47.912 kr
59.890 kr

20" reiðhjól



20%

AUTHOR

Reiðhjól, 20"

Energy 20" silfur/rautt 10" stelli, 2022 Author, 6 gíra. Hentar vel börnum frá 115 cm - 135 cm á hæð, þyngd 10,6 kg. 3901788

31.912 kr
39.890 kr

Drægni
45 - 65 km



20%

Rafmagnshjól Biomega

7 gíra borgarhjól, 36V lithium rafhlaða innbyggð í stellið, hægt er að losa rafhlöðu úr stelli til að hlaða. Hleðslutími: 5,5 klst., 250W mótór að framan. 3903115

159.120 kr
198.900 kr

24" reiðhjól



20%

AUTHOR

Reiðhjól, 24"

A-Matrix 24" ljósblá/blátt 12,5" stelli, 2022 Author, 18 gíra hjól. Hentar vel börnum frá 125 cm - 140 cm á hæð, þyngd: 11,7 kg. 3901791

39.912 kr
49.890 kr


Rafmagnshlaupahjól

HILEY

Rafmagnshlaupahjól Hiley

Fyrir 60 kg manneskjur. Mótór: 400W, spennna: 36V, drægni: Allt að 25-30 km. Hámarkshraði: 25km/klst., rafhlaða: 10.4Ah. Þyngd: 16,5 kg. 3903130

79.990 kr



HILEY

Rafmagnshlaupahjól Hiley

Fyrir allt að 90 kg manneskjur. Mótór: 600W, spennna: 48V, drægni allt að: 40-45 km. Hámarkshraði: 25km/klst. Rafhlaða: 13 Ah. Þyngd: 17,8 kg. 3903131

99.990 kr



HILEY

Rafmagnshlaupahjól Hiley

Fyrir allt að 100 kg manneskjur. Mótór: 800W, spennna: 52V, drægni allt að: 50-55 km. Hámarkshraði: 25km/klst. Rafhlaða: 18,2Ah. Þyngd: 23 kg. 3903132

129.900 kr



Vinir sem drepa



Adalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Bestu vinir íslenska ríkisins eru iðnir við sína uppáhalds sérvisku þessa dagana, dráp á eigin borgurum í nafni réttlætis. Næst verður Melissa Lucio, fjórtán barna móðir af spænskum uppruna, tekin af lífi í Texas eftir rétta viku. Hennar eina von er að ríkisstjóri Texas verði við beiðni verjendateymis hennar og slái aftökuna af eða fresti henni. Sá er hvorki þekktur af mildi né vísdómi.

Melissa var dæmd fyrir að verða dóttur sinni að bana fyrir fimmtán árum en rannsókn málsins og meðferð þess fyrir dómstólum bera með sér að ekki eru öll kurl komin til grafar. Fréttablaðið fjallaði ítarlega um mál hennar í byrjun mánaðarins og ræddi við Gísla Guðjónsson, réttarsálfræðing og virtasta sérfræðing heims á sviði falskra játninga, en hann veitir Melissa og verjendum hennar sérfræðiaðstoð í baráttunni fyrir lífi hennar.

Richard Moore verður tekinn af lífi tveimur dögum á eftir Melissu. Hann rataði í heimsfréttirnar í síðustu viku þegar hann valdi að falla fyrir hendi aftökusveitar bandaríska réttarkerfisins, fremur en að láta grilla sig í rafmagnsstól. Smekklegt hjá þeim vinum okkar að gefa viðskiptavinum réttlætisins val um hvernig þeir eru drepnir. Það mildar ásýndina að Richard hafi sjálfur tekið upplýsta ákvörðun um dauða sinn.


Ekkert af þessu kemur á óvart. Við þekkjum þá rótrónu hefð Bandaríkjamanna að vilja leysa öll vandamál með ofbeldi. En hvað um okkur hin sem köllum bandarísku þjóðina vini og bandamenn? Við erum iðin við að beita ríki ýmsum þvingunar- og refsiaðgerðum þegar þau ganga fram af okkur og sjálf höfum við Íslendingar gengið svo fram af bandarísku þjóðinni með hvalveiðum að við fengum á okkur slíka refsingu fyrir ekki alls löngu.

Í krafti þessarar þagnar hafa Bandaríkin fært sig stöðugt upp á skaftið. Ekki aðeins líta þeir fram hjá því hve margt saklaust fólk er tekið af lífi, heldur hefur ofbeldishneigðin einnig knúið þá til að slaka á öllum meginstöðum eigin réttarkerfis. Þannig eru enn á fjórða tug manna vistaðir í Guantanamo og hafa margir þeirra dúsað þar í 20 ár án dóms og laga. Væntanlega gleymast þeir þar til dauðadags. Hverjum er ekki sama?

Hvernig stendur á því að við litum fram hjá þessari villimennsku? Við fordæmum Rússa og Kínverja fyrir gróf mannréttindabrot en litum á dauðarefsingar í Bandaríkjunum sem einhvers konar sérvisku okkar skrítna en ríka frænda. ■

”
Við litum á dauðarefsingar í Bandaríkjunum sem sérvisku okkar skrítna en ríka frænda.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

gar@frettabladid.is

Sýslað í bönkum

Aðalráðherrarnir í ríkisstjórninni notuðu páskana til að stúdera hvað hafi farið úrskæðis í hinu sérstaklega vel heppnaða útbóði á afsláttarmiðum í Íslandsbanka. Og nú er niðurstaðan ljós: Að bestu manna yfirsýn er það bévitans Bankasýslan sem fokkaði öllu upp í hinu frábæra útbóði þar sem þó gekk allt eins og í sögu og allir sem áttu að fá sitt fengu sitt. Bankasýslumennirnir eru þó eitthvað tregir og segjast bara hafa gert það sem ráðherrarnir sögðu þeim að gera og aldrei hafi heyrst múkk innan úr ríkisstjórninni sem hafi verið hæstánægð með að allir sem áttu að fá sitt hafi fengið sitt.

Hugtakið sem er úr leik

Stjórnarandstaðan heldur auðvitað áfram með sitt pip og heimtar að Alþingi komi strax saman til að ræða allt dæmið frá A til Ö. Því nennir ríkisstjórnin að sjálfsgöðu ekki enda sé það Bankasýslunni að kenna hversu útbóðið var óhemju vel heppnað, vægast sagt. Þjóðin virðist eitthvað efins um að allt hafi verið með felldu eins og sjá má í Fréttablaðinu í dag. Og jafnvel ráðherrarnir sjálfir virðast kannski loks hafa fengið örilitinn bakþanka um allt klabbíð en er sem sagt búnir að finna út að ef eitthvað klikkaði þá sé það öðrum að kenna. Enda eiga allir að vita að hér hefur hugtakið pólitísk ábyrgð ekki eiginlega merkingu. ■

Forboðið umræðuefni



Þorgerður Katrín
Gunnarsdóttir
formaður
Viðreisnar

Í dymbilvikunni átti fréttavaktin á sjónvarpsstöðinni Hringbraut viðtal við Jón Danielsson, prófessor við LSE, um bankasöluna. Þar komu fram þrjú kjarnaatriði, sem ríkisstjórnin hefur forðast eins og heitan eld að ræða og aðrir fjölmiðlar hafa ekki gefið gaum:

1. Hann staðhæfir að íslenskir bankar skili miklu meiri hagnaði en bankar í kringum okkur.
2. Hann staðhæfir að það sem valdi þessu sé að bankapjónusta hér á landi sé sú dýrasta í Evrópu.
3. Hann staðhæfir að bankarnir njóti fákeppnis-hagnaðar því girðingar verji þá fyrir samkeppni.

Þessi afdráttarlausa og skýra framsetning dregur vel fram þann vanda sem blasir við öllum almenningi og þorra fyrirtækja sem eiga viðskipti við íslensku bankana og geta ekki annað. Því þau eru bundin í krónuhagkerfinu.

Það hallar á fyrirtæki og launafólk í þessum samskiptum. Vegna skorts á samkeppni standa bankarnir betur að vígi. Sú pólitíska og siðferðilega skylda hvílir á stjórnvöldum að jafna stöðuna. Í því efni hefur ekkert gerst í fimm ár. Hitt er lagaskylda þegar hlutir í fjármála fyrirtækjum eru seldir að huga af virkari samkeppni og stíga með því móti skref í þágu fyrirtækja og launafólks. Stjórnarflokkarnir hafa verið einhuga í að sinna í engu þessu lögboðna hlutverki.

Í umsögn Fjármálaeftirlitsins um bankasöluna í fyrra sagði þetta: „Það er því áhyggjuefni að í skýrslu fjármála- og efnahagsráðherra um söluna á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka, sem liggur til grundvallar umfjöllun fjárlaganefndar er ekki að finna neina umfjöllun er lýtur að áhrifum sölunnar á samkeppnisástandið á íslenskum fjármálamarkaði.“

Ríkisstjórnin þekkir lögin. Hún þekkir vandann. Hún veit af áhyggjum samkeppnisyfirvalda. Samt hefur hún ekkert aðhafst, aðhafðist ekkert í fyrra og aðhefst ekkert núna. Samkeppni á fjármálamarkaði í þágu fyrirtækja og launafólks er eitt af mörgum forboðnum umræðuefnum ríkisstjórnarinnar.

Ríkið á ekki að vera umsvifamesti leikandinn á bankamarkaði. En ríkisstjórn sem hundsar ítrekað kröfur um virkari samkeppni er ekki að vinna í þágu almannahagsmuna. ■

”
Samkeppni á fjármálamarkaði í þágu fyrirtækja og launafólks er eitt af mörgum forboðnum umræðuefnum ríkisstjórnarinnar.

Mikið úrval af **HVÍLDARSTÓLUM** með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Hin hliðin á djamminu



Kolbrún Baldursdóttir
borgarfulltrúi
og skipar 1. sæti
Flokks fólksins í
Reykjavík

Í nóvember 2018 lagði Flokkur fólksins fram tillögu um að borgin tryggði eftirlit með framkvæmd reglugerðar um hávaðamengun í borginni og að henni yrði fylgt til hins ýtrasta. Tillögunni var vísað til meðferðar umhverfis- og heilbrigðisráðs þar sem hún er enn. Ekki á að setja tillöguna á dagskrá fyrir en eftir kosningar. Aðdragandiinn að því máli var að hópur fólks hafði komið að máli við mig og lýst ömurlegri tilveru um nætur þegar stemning gesta næturklúbba er í hámarki. Það var mér bæði ljúft og skylt að leggja veka athygli á málinu. Hér er verið að tala um næturklúbba sem eru opnir til kl. 4.30 með tilheyrandi hávaða, götupartíum, skríslátum, sóðaskap og ofbeldi. Margir hafa léð máls á þessu en ekki fengið hlustun hjá núverandi meirihluta.

Hvað er til ráða

Það er enginn að tala um að banna næturklúbba. En það er ekki hægt að bjóða fólki og fjölskyldum sem þarna búa að geta ekki sofið fyrir hávaða og skríslátum. Finna þarf aðrar lausnir og við hjá Flokki fólks-

ins viljum skoða þær með borgar-búum.

Fyrsta skrefið er að virða gildandi reglugerðir. Lækka hávaðann og draga mikið úr bassanum (e. subwofer). Hann er versti skaðvaldurinn þar sem hann berst langar leiðir og heyrir í gegnum þykkustu vegg marga tugi metra frá skemmtistöðunum. Í öðru lagi verður lög-reglan og heilbrigðiseftirlitið að fara eftir lögum: leysa upp óæskilegar hópamyndanir (götupartí) og fara vandlega yfir húsakynni þessara næturklúbba með tilliti til hljóðvistar. Einhver viðurlög hljóta að vera sé farið yfir leyfileg hávaðamörk, en hávaðinn á götum má ekki vera mikið yfir 50 desíbelum (Evr-ópusambandið mælir með 40db).

Ein hugmynd er að ráða Nætur-lífsstjóra sem héldi utan um þennan málaflökk hjá borginni, safnaði öllum kvörtunum á einn stað – í hvaða formi sem þær berast til viðkomandi stofnana; rafrænt, bréfleiðis eða símleiðis – og hefði eftirlit með að reglugerðum og lögum sé framfylgt. Eins og staðan er í dag er ekkert samtal á milli stofnana, borgarinnar, lögreglu, heilbrigðiseftirlits, vinnueftirlits, byggingar-eftirlits og sýslumanns að því er virðist. Samræma þarf aðgerðir með tilliti til þessa málaflökks. Til þess að eigendur skemmtistaðanna missi ekki of stóran spón úr aski sínum er mikilvægt að fá fólk til að byrja skemmtanalífið fyrir, sem mun gerast að sjálfu sér um leið og lokað er fyrir. Slagorðið er: eftir



Til þess að eigendur skemmtistaðanna missi ekki of stóran spón úr aski sínum er mikilvægt að fá fólk til að byrja skemmtanalífið fyrir.

eitt ei heyrir neitt (sbr. eftir einn ei aki neinn). Samhliða þessum breytingum yrði unnið að uppbyggingu á sérstöku skemmtanasvæði (e. party zone) fyrir utan almenna íbúabyggð handa þeim sem vilja djamma og tjúta fram á morgun, t.d. utarlega á Grandanum eða í einhverju öðru iðnaðarhverfi. Þar gæti lögreglan einnig haft mun betra eftirlit með því að allt fari vel fram. Sömuleiðis er afar brýnt að bjóða upp á næturstrætó til að flytja fólk aftur til heimkynna sinna þegar það er búið að fá nóg.

Flokkur fólksins í borgarstjórn hefur látið einskis ófreistað á kjörtímabilinu að berjast fyrir bættri þjónustu við borgarbúa og hlusta á raddir sem allra flestra.

Sjá má öll framlögð mál Flokks fólksins á vefsíðunni kolbrunbaldurs.is. ■

Hlýnun jarðarinnar og önnur vá mannkyns



Hallgrímur Axelsson
verkfræðingur

Mannkyn hefur aðeins eina jörð til að lifa á. Augljós þörf er á að lifa meir í sátt við náttúruna en gert er. Eins er í dag augljós ástæða til að menn lifi meir í sátt hverjir við aðra.

Talið er að orkuframléiðsla mannsins í heiminum á einu ári sé um 500 EJ (exajúl), stærð sem erfitt er að sjá fyrir sér en 1 exajúl er sama og 1 J (júl) sinnum 10 í 18. veldi. Átján núll eftir tölunni 500. Orkugjafa sem við notum má í aðalatriðum skilgreina á eftirfarandi hátt.

Grænir orkugjafar: Náttúran sjálf flytur orku í ákveðinni hringrás. Við menn getum gripið orku út úr hringrásinni til eigin nota. Vatnsafl úr ám með virkjunum, vindafl með vindmyllum, jarðhita úr jarðskorpunni. Einnig er nýttur beint hiti sólarinnar með sólarrafhlöðum og aukist hefur að knýja vélar með lifmassa. Allt afl sem við tökum á þennan hátt skilar sér vissulega í upphitun umhverfisins en hefði gert það hvort sem er gegnum núning efna, hitaflæði og lifræna starfsemi. Við Íslendingar njótum þess að meir en 80 prósent af orkuvinnslu okkar er frá grænum orkugjöfum meðan meðaltal heimsins er um 10 prósent.


Jarðefnaeldsneyti: Bruni olíu, jarðgass og kola gefur frá sér svokallaðar gróðurhúsalofttegundir, aðallega koltvíoxíð, sem hindra í efri loftlögum andrúmsloftsins hitageislun frá yfirborði jarðar út í geim og veldur það hlýnun. En þar fyrir utan fer öll brunaorkan beint í upphitun umhverfisins sem ekki hverfur afsjálfu sér. Yfirleitt er ritað um áhrif gróðurhúsalofttegundanna en því sleppt að telja með beina upphitun við not orkunnar. Íslendingar nota innan við 20 prósent slíkrar orku en lofa betrun. Yfir heiminn er notuð slík orka að 85 prósentum og flest ríki lofa betrun. Best væri að kol og olía fengju að liggja kjur í iðrum jarðar.

Kjarnorka: Kjarnorka gefur um 6% af orkunotkun mannkyns. Einnig er unnið að þróun svokallaðrar samruna orku sem sumir segja að muni verða lausn á orkuvanda heimsins. Öll orka frá kjarnorkuverum og hugsanlegum samrunaorkuverum skilar sér beint í upphitun umhverfisins en án gróðurhúsalofttegunda.

Hlýnun jarðar er ógn við allt líf á jörðinni. Höfum við gengið of langt nú þegar eða er von um leið til baka? Síðan bætist við önnur ógn þegar ógnarstjóri ríkis með 144 milljónir íbúa hefur fingur á hnappi sem gæti valdið kjarnorkustríði. Mannkynið hefur reynslu af því að einræðis-herrar falla, en þessi veit að ef hann vikur er engin framtíð fyrir hann. Eigin þjóð mundi vilja hafa hann í höllum sínum og engin önnur þjóð mundi bjóða hann velkominn. ■

Beltone Trust™

Hlustaðu á hjartað þitt



Beltone Trust™ heyrnartækin gera þér kleift að heyra jafnvel minnstu smáatriði – sem stundum reynast þau mikilvægustu. Við hjá Heyrnarstöðinni leggjum allan okkar metnað í að veita góða þjónustu og bjóða upp á hágæða heyrnartæki. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.



Sprengjan í borginni



Ómar Már Jónsson
oddviti lista
Miðflokksins til
borgarstjórnar
og fyrrverandi
sveitarstjóri

Þegar borgarstjóri og hans fulltrúar fullyrða að fjölgun starfsmanna um 2.000 manns á síðasta kjörtímabili sé m.a. vegna fjölgunar barna á leikskólum er við hæfi að kanna hvað sé til í því.

Tölulegar staðreyndir eru besta mælikvarðinn á þróun hinna ýmsu þátta, hvort samræmi sé milli fjölgun starfsmanna hjá borginni og fjölgun barna á leikskólum í Reykjavík.

Þegar þetta er skoðað blasir við önnur mynd en borgarstjóri heldur fram.

Í þættinum Reykjavík síðdegis þann 3. mars síðastliðinn sagði formaður skóla og frístundaráðs, Skúli Helgason, jafnframt að um sprengju væri að ræða í fjölgun barna í Reykjavík og við því sé verið að bregðast!

Í þættinum sagði Skúli orðrétt: „Við erum að opna átta nýja leikskóla í ár, ótrúlega stórt skref og stærra skref en hér hefur sést síðan einhvern tímann á síðustu öld,“ sagði Skúli.

Þegar tölulegar staðreyndir eru skoðaðar kemur hins vegar í ljós að börnum yngri en 7 ára hefur fækkað um heil 7% í höfuðborginni frá árinu 2002, þ.e. á síðustu 20 árum. Á sama tíma hefur börnum fjölgað í nágrennasveitarfélögum.

Myndin sýnir fjölgun/fækkun barna á höfuðborgarsvæðinu.


Börnum fækkar en borgarstjóri og formaður skóla- og frístundaráðs halda því fram að verið sé að opna nýja leikskóla vegna sprengju í fjölgun leikskólubarna.

Nú mætti spyrja hvort að leikskólum hafi verið lokað vegna fækkunar barna á árunum 2014 til 2018 og verið sé að opna þá aftur?

Fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar, árið 2018, var líka talað um skort á leikskólaplássum. Á því árabili, frá 2014 til 2018, fækkaði börnum mikið eða um 12%.

Tölulegar staðreyndir sýna að

Fjölgun/fækkun barna á höfuðborgarsvæðinu



Er hægt að segja að um sprengju sé að ræða eins og talsmenn borgarinnar halda fram?

úr Reykjavík. Hún er að flytja í nágrennasveitarfélögin. Ástæðurnar eru nokkrar en allar á herðum borgarinnar að leysa úr.

Ástæðurnar má rekja til umferðarafa, skorts á íbúðarhúsnæði og biðlista barna á leikskóla eins undarlegt og það hljómar. Borgarstjórn hefur þannig fallið á prófinu, við að sýna með fyrirhyggjusemi, að rýna í mannfjöldapróun og lýðfræðilegar breytingar í borginni. Hún er ekki að sinna sínu hlutverki, að: „fylgjast með þörfum íbúa í sveitarfélaginu,“ eins og segir á vef Stjórnarráðsins um lögmat verkefni sveitarfélaga.

Börnum á leikskólaaldri yngri en 6 ára í Reykjavík fækkaði um heil 12% frá 2014 til 2018 en fjölgaði aðeins um 1% frá 2018 til 2022.

Er hægt að segja að um sprengju sé að ræða eins og talsmenn borgarinnar halda fram?

Ég mun beita mér fyrir því að borgin sinni betur sínu þjónustuhlutverki gagnvart ungum fjölskyldum svo að þær geti litið á borgina sína sem vænlegan kost í ferðalagi lífsins með þeirra hag að leiðarljósi.

Ég mun beita mér fyrir því að sýnd verði meiri og áreiðanlegri fyrirhyggja þegar kemur að því að spá fyrir um lýðfræðilega þróun og íbúasamsetningu í Reykjavík og að borgin bregðist við áður en í óefni er komið.

Ég mun beita mér fyrir því að ungar barnafjölskyldur liti á borgina sem besta og áreiðanlegasta kostinn til að vaxa upp í, bæði í leik og starfi.

Við getum gert svo miklu betur! ■

börnum undir 7 ára aldri fjölgaði aðeins um 1% frá síðustu kosningum. Er það sprengjan sem formaður skóla- og frístundaráðs átti við?

Hér má sjá að um uppsafnaðan vanda er að ræða, sem allt of seint er brugðist við.

Það er vissulega skiljanlegt að rétt fyrir kosningar vill borgarstjórnarmeirihlutinn laga það sem úrskæiðis þarfur farið hjá borginni síðastliðin 8 ár og það á akkúrat að gerast núna, rétt fyrir og strax eftir kosningar.

Ungar barnafjölskyldur eru að flytja úr borginni!

Það er augljóst að hin venjulega barnafjölskylda er að flytja



Allir með



Anna Kristín Jensdóttir
skipar 9. sæti á
lista Viðreisnar
í Reykjavík fyrir
borgarstjórnar-
kosningar 14. maí

Mörg gleðjast þegar sumarið kemur og hugsa til þess með gleði að geta nú verið meira úti og varið tíma með fjölskyldunni í sumarfríinu. Aðstæður fólks eru mismunandi og því nauðsynlegt að hver og einn geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Stefna Reykjavíkurborgar er að búa til borg þar sem markmiðið er að gæta jafnréttis fyrir sem flesta borgara. En er það raunin? Á mörgum stöðum í höfuðborginni má finna opin leik- og afþreyingarsvæði sem eru hugsuð til að sem flest geti notið. Þó má ekki gleymast að ýmislegt getur gerst í lífi fólks sem verður til þess að það þarf aðstoð eða aðlögun til að geta notið afþreyingar. Fólki með fötlun er hópur sem nauðsynlegt er að hugsa um til jafns við aðra borgara.

Á mörgum leiksvæðum og öðrum opnum svæðum er takmarkað aðgengi fyrir fólk með fötlun. Fyrir faeinum árum var sett upp hjólastólaróla á skólalóð sérskóla í borginni sem var kær-

kominn lausn fyrir fólk í hjólastól til að róla. En staðreyndin er að hún þjónar einungis ákveðnum hópi sem veit af henni. Nauðsynlegt væri að koma upp fleiri aðgengilegum leik- og afþreyingartækjum á opnum svæðum í borginni sem gætu nýst allan ársins hring. Í því samhengi þyrfti að skoða hvaða afþreying er vinsæl á hverjum tíma fyrir sig og gera áætlun um aðgengilega afþreyingu eftir því. Anna dæmi um þetta er skiptiáðstaða fyrir eldri einstaklinga. Oft þurfa einstaklingar með fötlun að nota bleyjur langt fram á fullorðinsár, en staðreyndin er að erfitt getur verið fyrir marga einstaklinga í þessum aðstæðum að fara langt frá heimili sínu þar sem skortur er á skiptiáðstöðu fyrir þau á salernum sem ætluð eru fólki með fötlun. Með því að bæta úr þessu væri félagsleg einangrun fatlaðra einnig rofin að einhverju leyti.

Dæmi eru um að önnur sveitarfélög hafi sett upp hjólastólarólur eða önnur aðgengileg afþreyingartæki á opin svæði. Þar hefur það gefið góða raun. Að bæta við slíkum aðili að á sviði málefna fatlaðra og jafnréttis á undanföllum árum. Það geta allir leikið sér. ■

Draumlaus maður uppsker aðeins hversdagsleikann



Jón Özur Snorrason
íbúi á Selfossi og
í 3. sæti á lista
Vinstri grænna í
Árborg



Pétur Már Guðmundsson
íbúi á Stokkseyri
og í 6. sæti á lista
Vinstri grænna í
Árborg

Menning er jafn mikilvæg og matur stendur í óskrifadri bók. En til þess að svo verði þarf að metta grunnþarfirnar fyrst. Sjá til þess að allir hafi í sig og á og jafna möguleika. Gæta jafnréttis og réttlætis á öllum sviðum samfélagsins. Þess vegna er öflugt velferðarkerfi forsenda öflug menningarlífi enda hefur menning verið skilgreind sem lífsmynstur heilla samfélaga.

Fjárfesting í menningarstarfsemi

er einhver sú gjöfulasta og arðvænlegasta fjárfesting sem sveitarfélög geta lagt í. Það hafa til að mynda rannsóknir Ágústs Einarssonar prófessors sýnt. Fjölbreytt menningarstarfsemi eykur lífsgæði fólks og vekur ánægju og gleði, fyllir upp í eyður hversdagsins, dýpkar hugsanir og slær á fordóma.

Menningarstarf er þó að miklu leyti sjálfsprottíð og unnið að frumkvæði einstaklinga en slík starfsemi þarf nefnilega og fjárhagslegs stuðnings opinberra aðila svo hún haldi velli og eflist. Í sveitarfélaginu Árborg er margt vel gert í menningarmálum. Má í því sambandi nefna bæjarhátíðirnar Vor í Árborg og Kótilettona og ekki síður starfsemi bókasafnsins sem er menningarstofnun. Enda er gróska á svæðinu og sprotar víða. Einstaklingar og félög um allar köppgrundir að skapa spennandi verkefni, starfrækja gallerí, halda sýningar, standa fyrir uppákomum, reka markaði, og stuðla að öflugum leikhúslífi og tónlistarstarfi svo nokkuð sé nefnt. Bakkastofa og Bókabæir, Brimrót og Haustgildi, Konubókastofa og kórastarfi í margvíslegri mynd og meira að segja

skilar starfsemi Gullkistunnar á Laugarvatni sér inn í sveitarfélagið. Samvinna í þessum efnium er lykilorðið og fyrir henni stöndum við í Vinstri grænum.

Það má aldrei líta á menningarmál sem vandamál, frekar sem tækifæri til að auðga mannlífið. Sveitarfélög þurfa þess vegna að setja sér markmið og leiðir í menningarmálum. Í því sambandi er hægt að líta til annarra sem hafa náð að merkja sig öflugri menningarstarfsemi eins og Ísafjarðar, Seyðisfjarðar, Stöðvarfjarðar og Akureyrar með öflugum starfi Gílfélagins.

Menningarstarfsemi má heldur aldrei verða of staðbundin. Hún þarf að vera alþjóðleg í hugsun því þá eflist sérstaða hins staðbundna. Skáldsagan af Bjarti í Sumarhúsum er mjög staðbundin saga, bundin íhaldssömu og grimmu bændasamfélagi – en af því að hún er sögð á alþjóðlegan hátt – skilja hana allir, hvort sem þeir búa í New York eða á Grenivík. Annað alþjóðlegt ljós á menningarstarfsemi eru styrkveitingar sem mögulegar eru úr erlendum sjóðum. Í gegnum norrænt samstarf er menning studd



Menningarstarfsemi má heldur aldrei verða of staðbundin. Hún þarf að vera alþjóðleg í hugsun því þá eflist sérstaða hins staðbundna.

og styrkt vitandi að fjárfesting í þeirri starfsemi skilar sér margfalt til baka, fjárhagslega en líka í ímynd, orðspori og lífsgæðum.

Þetta er eitt af því sem við í Vinstri grænum viljum efla í sveitarfélaginu Árborg, komumst við til áhrifa. Við myndum byrja á því að skilgreina menningarstarfsemi sem fyrir er, styrkleika hennar og veikleika, sjá í hverju fjölbreytileiki

hennar og möguleikar eru fólgnir – og síðan laða að okkur menningartengd verkefni. Árborg þarf því að setja sér markmið og leiðir í menningarmálum, í senn raunhæf og líka óraunhæf (því ekkert fær staðist stóra drauma). Þeir ræstast ekki nema menn eigi sér drauma. Draumlaus maður uppsker aðeins hversdagsleikann.

Hér mætti nefna sýningarsal fyrir myndlist, tónleikasala, stærra leiksvið fyrir eitt fremsta áhuga-leikfélag landsins, myndlistarskóla, listsmiðjur (og ritismiðjur) fyrir aldraða, fulloröna, grunn- og leikskólanemendur, lista- og bókmenntahátíð, menningarfélag sem hægt væri að stofna og síðast en ekki síst Barnabókastofu – en sveitarfélaginu hefur boðist að reka að hluta slíka starfsemi – í gegnum Bókabæina austanfjalls – með gjöf á stærsta barnabókasafni landsins – en því erindi hefur aldrei verið svarað.

Blásu í lúðra, sláum og strjúkum strengina og klöppum í takt eins og gert er í einum besta tónlistarskólum landsins sem staðsettur er í sveitarfélaginu Árborg. Göngum lengra. ■

Bjartir dagar

Hafnarfirði
20.-24. apríl

hfj.is/bjartirdagar

Tónleikar

Badminton

Uppistand

Bátar

Handverk

Bretti

Vinnustofur



Andri Ómarsson, Sandra Björk Bragadóttir og Henný Maria Frimannsdóttir sjá um skipulagningu viðburða á Björtum dögum í Hafnarfirði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sumarið er Heima í Hafnarfirði

Menningarhátíðin Bjartir dagar í Hafnarfirði hefur verið fastur liður ár hvert síðan 2003. „Hátíðin snýst um að hrista veturinn af menningarlífinu og í ár hristum við einnig af okkur fjötra faraldurs,“ segir Andri Ómarsson, verkefnastjóri menningar- og markaðsmála hjá Hafnarfjarðarbæ. Fjölbreyttir viðburðir verða á vegum Bjartra daga í allt sumar. **2**



„Hátíðin hefur gengið í gegnum töliverðar breytingar undanfarin tvö ár enda þurfti að gera ráðstafanir vegna samkomutakmarkana. Meðal annars byrjaði hátíðin að snúast meira um börn og unglina í faraldrinum þar sem fjöldatakmarkanir giltu ekki um þau. Sá snúningur fær að halda sér enda eru börn og unglingar eðlilegur hluti af öllum menningarhátíðum. Leikskólabörnin fá frjálshendur strax eftir páska við að skreyta ýmsar stofnanir, verslanir og fyrirtæki í bænum. Í ár fáum við svo loksins að halda viðburði á hefðbundinn hátt, sem við höfum haldið með mikið breyttum hætti í Covid, þannig að það er mikill spenningur í liðinu að halda áfram og þróa hátíðina fyrir alla aldurs hópa,“ segir Andri.

Þjartir dagar í ár hefst á fimm hátíðisdögum með þakkaðri dagskrá allan liðlangan daginn. „En eins og undanfarin ár þá höfum við ákveðið að framlengja hátíðina yfir allt sumarið og fram að fyrsta vetrardegi þegar jólaljósirn taka við hlutverkinu að lýsa upp bæinn. Í stað þess að sprengja blóðruna á sunnudeginum 24. apríl munum við halda áfram að blása í hana út allt sumarið og fram á vetur. Það verður því nóg um að vera í allt sumar á Björtum dögum í Hafnarfirði.“

Miðvikudagur 20. apríl

Fyrsti dagur hátíðarinnar er á síðasta vetrardag, miðvikudaginn 20. apríl. „Það verður ýmislegt um að vera allan daginn. Hefð er fyrir því að þriðjubekkingar slái fyrsta tóninn í hátíðinni á Thorsplani klukkan tíu og syngi þar inn sumarið undir stjórn Guðrúnar Árnýjar, sing-along stjórn Hafnarfjarðar. Guðrún sér svo einnig um að slá botninn í HEIMA-hátíðina sem fer fram um kvöldið og sprellar með fullorðna fólkinu í sing-along gleði í Bæjarbíó.“

Bæjarlistamaður er einnig útnefndur síðasta vetrardag en þrátt fyrir kaldan og dimman faraldursvetur hefur menningarlífið í Hafnarfjarðarbæ blómstrað sem aldrei fyrr.“

Einstök tónlistarhátíð á heimsvísu

Tónlistarhátíðin HEIMA er nú haldin í sjöunda sinn í Hafnarfirði í kvöld, miðvikudaginn 20. apríl. „Þetta er einstök hátíð þar sem bæjarbúar opna betri stofur sínar eina kvöldstund fyrir gesti hátíðarinnar og frábært tónlistafólk sem heldur þar tónleika í heimahúsum,“ segir Henný María Frímansdóttir, skipuleggjandi HEIMA í Hafnarfirði. „Hátíðargestir röltu á milli staða í miðbæ Hafnarfjarðar og hlýða á tónlist þar sem náðin við listamanninn er meiri en gengur og gerist,“ segir hún.

Þrettán atriði eru á dagskránni þetta árið. „Þau sem koma fram eru þau Sigurður Guðmundsson, Flott, Systur (Sigga, Beta og Elín), Krummi, The Vintage Caravan, Hildur Vala, Kristján Jóhannsson, gugusar, Blaz Roca og Blaffi, Margrét Eir & Thin Jim, Dúkkulísurnar, Viktoría Tómasdóttir og Guðrún Árný & Egill Rafn. Tónleikarnir fara mestmegnis fram í heimahúsum, en einnig í Fríkirkjunni og í Bæjarbíó. Alls eru þrettán tónleikastaðir og því mælum við með því að vera með smá plan, þar sem allir hátíðargestir komast ekki inn í eina stofu á sama tíma. Þetta er eins og á öðrum tónlistarhátíðum, maður þarf að velja og hafna. En það verður frábær tónlist í öllum húsum og ef fullt er á einum stað þá bara stekkur maður yfir á næsta. Þannig að sjálf



Skrúðganga skáta hefst hjá Viðistaðakirkju klukkan 13.45 og endar á Thorsplani kl. 14.00 þar sem fjölskylduhátíð skáta hefst.



Það verður ýmislegt skemmtilegt um að vera fyrir fólk á öllum aldri næstu daga í Hafnarfirði. Tónlist, leiklist, íþróttir, gönguferðir og margt fleira.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Tónlistarhátíðin HEIMA fer fram í 13 heimahúsum og viðburðastöðum vitt og breitt um Hafnarfjörð.

koma fram ýmsir tónlistarmenn úr öllum áttum á tónlistarhátíðinni HEIMA sem haldin er síðasta vetrardag.

Talandi um innflutta listamenn. Strengisveit frá Þórshöfn í Færeyjum leikur á tvennum tónleikum yfir hátíðisdagana undir stjórn Bernharðar Wilkinson sem er mörgum Íslendingum góðkunnugur.“

Hátíðin lýsir upp sumarið

Á lokadegi hátíðisdaganna, sunnudaginn 24. apríl, hvetur Hafnarfjörður alla Hafnfirðinga, stóra sem smáa, til að taka þátt í Stóra plökkdeginum. „Ef við ætlum að halda Bjarta daga í allt sumar þá viljum við auðvitað að bærinn sé í sínu finasta þússi á meðan. Það verður mikið fjör í allt sumar og má meðal annars nefna Víkingahátíð, Álfahátíð, tónlistarhátíðina Hjarta Hafnarfjarðar og svo margt fleira,“ segir Andri.

„Þann 25. apríl rennur svo út frestur til þess að sækja um viðburða- og menningarstyrk fyrir verkefni sem tengjast Hafnarfirði á einhvern hátt, en bæjarráð auglýsti á dögnum sérstaka viðburða- og menningarstyrki í kjölfar Covid-19 lausna til umsóknar. Við hvetjum alla, ekki bara Hafnfirðinga, til að senda inn tillögur að menningarviðburðum og verkefnum. Styrkir eru hugsaðir meðal annars til þess að halda viðburði og uppkomur um allan bæ í sumar og mikilvægt er að verkefnið höfði til breiðs hóps fólks. Hér í Hafnarfirði búum við að fjölbreyttum og skemmtilegum viðburðarstöðum og sviðum bæði úti sem inni fyrir allt á milli himins og jarðar. Þar má nefna Bæjarbíó, Viðistaðatún, Helligerði og margt fleira.“ ■

Nánari upplýsingar um hátíðina og fullgerða dagskrá má nálgast á vef Hafnarfjarðar, hafnarfjordur.is.



Sing-along stjarnan Guðrún Árný stjórnar þriðjubekkingum í sumarlegum samsöng til að hefja Bjarta daga í Hafnarfirði.

MYNDIR/ÁSENDAR

myndi ég geyma hælana heima í þetta skiptið,“ segir Henný og hlær. „Þetta hefur tekist alveg ótrúlega vel undanfarin ár og hátíðin hefur eignast fastan sess í menningarlífi Hafnarfjarðar. Það er sérstaklega bæjarbúum að þakka, þátttakendum, gestum og svo auðvitað tónlistarfólkinu. Við erum afar stolt af þessari litlu hátíð og þakklát fyrir góðar viðtökur og fólkið sem er til í þetta með okkur,“ segir Henný.

Fimmtudagur 21. apríl

Á sumardaginn fyrsta og yfir hátíðisdagana fimm munu íþróttafélögin bjóða almenningi í opið hús. „Þá er um að gera að nýta tækifærið, prófa ýmsar íþróttir eins og siglingar, hjólabretti, badminton og borðtennis og finna sér íþrótt við hæfi til að æfa. Opið hús þýðir að öllum er boðið og því er þetta ekki síður fyrir fullorðna fólkið en börnin,“ segir Andri.

Það verða ekki bara viðburðir í

miðbænum heldur verða þeir dreifðir um allan Hafnarfjörð. „Meðal annars verður boðið upp á fuglaskoðun í Höfðaskógi á sumardeginum fyrsta frá 11-13.

Einnig fer opunarhátíð Lífs-gæðaseturs St. Jó fram kl. 12-15 á sumardaginn fyrsta. Þetta fallega og sögufræga hús, sem áður gegndi starfsemi sjúkrahúss, hefur farið í gegnum miklar endurbætur og nú ída þrjár af fjórum hæðum hússins af lífi þar sem félagsamtök, fyrirtæki og einstaklingar sinna fjölbreyttri starfsemi sem öll hefur það að markmiði að bæta lífsgæði fólks. Margir Hafnfirðingar hafa verið þarna sjálfir og eru spenntir að sjá nýja starfsemi í þessu fallega húsi,“ segir Andri.

Skátahátíð á Thorsplani sumardaginn fyrsta

Klukkan 13.00 fer fram Skátamessa í Viðistaðakirkju og Sr. Bragi sóknarprestur sér um messuna.

Korteri fyrir tvö hefst svo skrúðganga frá Viðistaðakirkju að Thorsplani þar sem árleg fjölskyldudagskrá í umsjón Skátafélagsins Hraunbúa hefst klukkan 14.00 og stendur til 16.00. „Á Thorsplani verður stórskemmtileg og fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna,“ segir Sandra Björk Bragadóttir, skipuleggjandi fjölskyldudagskrár skátafélagsins.

„Lúðrasveit Tónlistarskólans opnar dagskrána á sviðinu undir stjórn Björgvins Franz. Dansíþróttafélagið sýnir dans, Regína Ósk og Selma Björns syngja ABBA inn í hjörtu Hafnfirðinga, hljómsveitin Enter Name úr Lækjarsóla flytur tónlistaratriði og leikið verður brot úr Litlu Hryllingsbúðinni í Viðistaðaskóla. Einnig verða hoppukastalar á svæðinu fyrir aftan Fjörð. Hópur skáta sem er á leið á Alheimsmót skáta í Kóreu í ágúst, sér svo um veitingasölu sem lið í fjárflyun fyrir ferðina. Það er alltaf vel mætt á fjölskyldudagskrá skátafélagsins og ég geri ráð fyrir að það verði mikið fjör í ár,“ segir Sandra.

Fjölbreyttir listamenn alls staðar að

Viðburðirnir endurspeglar blómlegt menningarlíf Hafnarfjarðar og eru jafnólíkir og þeir eru margir. „Að stórum hluta eru þeir sem koma fram á hátíðinni Hafnfirðingar eða tengjast Hafnarfirði örjúfanlegum böndum, en að sjálfsögðu koma hér einnig fram aðfluttir listamenn. Þar má til dæmis nefna uppistandið „Allt eðlilegt hér“ sem þær Saga Garðarsdóttir og Snjólaug Lúðvíksdóttir flytja í Bæjarbíó kl. 20-22.30 á föstudag og laugardag. Einnig

Besta deildin

KYNNINGARBLAÐ

MIÐVIKUDAGUR 20. apríl 2022

Allir bikararnir í skáp Arnars

Víkingur kemur inn í Íslandsmótið með alla bikarana í sínum skáp. Arnar Gunnlaugsson fagnar því en horfir til þess að ná árangri í sumar. Liðið fer vel af stað og vann FH í fyrsta leik. **2**



Arnar með bikarana þrjá sem Víkingar hafa nú til varðveislu.



Arnar Gunnlaugsson, þjálfari Víkings, fagnar væntingum en liðið byrjaði Bestu deildina með sigri á FH.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hörður Snævar Jónsson
hordur
@frettabladid.is

Arnar Gunnlaugsson hefur á örfáum árum skipað sér sess með bestu þjálfurum í íþróttum á Íslandi. Arnar tók við þjálfun Víkings fyrir tímabilið árið 2019 og strax á fyrsta ári varð liðið bikarmeistari. Arnar tók við starfinu sem nokkuð óreyndur þjálfari en hafði átt farsælan feril sem leikmaður. Árið 2020 gaf svo vel á bátinn og Víkingur var á barmi þess að falla úr efstu deild, stjórnarmenn Víkings voru hins vegar rólegir. Spilamennska Víkings var góð sumarið 2020 þrátt fyrir að úrslitin hefðu ekki fylgt með, árið 2021 gekk svo allt upp og í lok sumars varð Víkingur bæði Íslands- og bikarmeistari. Arnar hefur á stuttum tíma heillað land og þjóð, hann er ekki bara frábær þjálfari heldur gefur einnig mikið af sér til stuðningsmanna sem dýrka hann og dá.

Víkingar eru farnir af stað í Bestu deildinni en mótið í ár er langt og strangt að þessu sinni. Þegar 22 leikjum loknum verður deildinni tvískipt í efri og neðri helming og fimm aukaleikir taka þá við. Víkingur er eitt af þeim liðum sem spáð er velgengni í sumar.

„Ég tek spenntur á móti því að það séu gerðar væntingar til okkar í sumar, leikmenn og þjálfarar hafa fylgst með okkur í vetur. Það hefur verið stífgandi í okkar leik, eftir síðasta mót áttu margir von á því að okkur myndi fatast flugið. Það er kannski eðlilegt miðað við þær breytingar sem voru gerðar,“ segir Arnar um stöðu mála í Víkinni og á þar við þá staðreynd að Víkingur hefur misstí reynsluboltana Kára Árnason og Sölva Geir Ottesen frá síðasta sumri. Víkingar hafa hins vegar styrkt lið sitt á móti og virðast hafa náð

Þjálfaraferill Arnars:

2006	ÍA
2008–2009	ÍA
2016–2017	KR Reykjavík (Aðstoðarþjálfari)
2017–2018	Víkingur R (Aðstoðarþjálfari)
2018	Víkingur R

að smíða nýtt og jafnvel betra lið en fyrir var. „Vonandi stöndumst við þær væntingar sem gerðar eru til okkar. Ég finn ekki mun á því persónulega að vera meistari og fara inn í mótið þannig. Liðið er á góðum stað, svo er það þegar taugaspennan fer 10 prósent hærra. Þú vonar að liðið sé tilbúið en þú veist aldrei hvað gerist, það þarf að halda haus þó að það blási eitthvað í svona löngu móti. Ekki láta eitthvað utanaðkomandi trufla þig. Mér finnst við hafa bætt í frekar en ekki, við erum tilbúnir í þessari áskorun.“

Afslátturinn var óþarfur

Árin áður en Arnar tók við Víkingi höfðu verið mögur, bikarar voru hættir að sjást í Víkinni og þá vantaði allan stöðugleika. Liðið flakkaði á milli efstu og næst efstu deildar, þetta sögufræga félag er hins vegar vaknað af löngum svefni. Arnar óttaðist að það gæti tekið tíma að fá leikmenn Víkings aftur upp á tærnar eftir síðasta sumar en afslátturinn sem hann hafði ætlað að gefa reyndist nánast óþarfur. „Ég talaði um það opinberlega að fyrir áramót þá var ég klár í að gefa smá afslátt, það voru alveg leikmenn sem voru að mæta á æfingar þá sem voru að leggja sig fram en það vantaði þessi auka prósent sem við viljum sjá. Úrslitin

í sumum leikjum voru þannig. Eftir áramót þá höfum við náð að halda því getustigi sem við gerum kröfu um. Við höfum gert eitt-hvað rétt í líkamlega þættinum, nýir leikmenn hafa aðlagast okkar leikkerfi. Við erum með aðeins öðruvísi lið en við vorum með í fyrri. Við erum betra fótboltalið en svo veist þú aldrei hvað það hefur mikil áhrif að missa karaktera út,“ segir Arnar og á þar aftur við Kára og Sölva. Þeir félagar fóru þó ekki langt því Kári varð að yfirmanni knattspyrnumála í Víkinni og Sölvi Geir er aðstoðarþjálfari Arnars.

Gríðarleg breidd

Ljóst er að margir leikmenn Víkings verða svekktir í hvert skipti sem Arnar velur byrjunarliðið, í vetur hefur liðið styrkt sig nokkuð og leikmenn sem hafa háleit markmið þurfa reglulega að bíta í það súra epli að vera ekki í byrjunarliði Arnars. „Við höfum fleiri kosti í leik okkar, bakverðirnir eru vel mannaðir með innkomu Davíðs Atlasonar. Þeir eru þrír að berjast um tvö sæti. Á miðsvæðinu eru menn árinu eldri, Júlíus Magnússon hefur stigið upp sem fyrirliði. Viktor Örlygur er orðinn frábær leikmaður, fram á við er svo mikil breidd. Það sést á hópnum okkar að það eru sterkir leikmenn á bekknum, það er jákvæður hausverkur að það sé erfitt að velja liðið. Við erum með breiðari hóp.“

Víkingur gæti í sumar leikið hátt í 40 leiki ef liðinu tekst vel til í bikarkeppninni og í Evrópukeppni þar sem liðið gæti leikið fjölda leikja. „Það gætu auðveldlega orðið 40 leikir í sumar, við höfum lagt mikla áherslu á þetta á öllum fundum okkar. Ég veit að þetta er

Spá Fréttablaðsins

- 1. sæti** Valur
- 2. sæti** Víkingur
- 3. sæti** FH
- 4. sæti** Breiðablik
- 5. sæti** KR
- 6. sæti** Stjarnan
- 7. sæti** ÍA
- 8. sæti** Leiknir R
- 9. sæti** KA
- 10. sæti** ÍBV
- 11. sæti** Keflavík
- 12. sæti** Fram

leiðinlegur hlutur að heyra á fundi fyrir leikmann sem er ekki í liðinu að það þurfi breiddina, það verða fleiri breytingar á milli leikja en hefur verið en það þarf að vera gert af skynsemi. Það eru póstar í liðinu okkar sem eru ómissandi, límið í liðinu. Við þurfum á öllum hópnum að halda.“

Samkeppni um titilinn

Fimm lið setja stefnuna á það að vinna Bestu deildina í sumar, Víkingar ætla sér að vera með í baráttunni en Valur, Breiðablik, FH og KR hafa sömu markmið. Sjaldan hefur deildin verið með svo mörg lið sem öll hafa getu til að vinna deildina. „Efstu fimm liðin hafa 13-14 manna kjarna til þess að vinna deildina ef þau fara á skrið og sleppa vel við meiðsli. Það eru ekki öll með 20 manna hóp ef það koma upp meiðsli, þetta verður skemmtilegt mót. Ég á von á spennu, það sést á fjárfestingu liðanna að þau ætla sér að velta okkur úr sessi. Við reynum okkur besta til að halda í þessa titla, þetta verður erfitt,“ segir hinn geðþekki þjálfari spenntur fyrir komandi sumri og þeim áskorunum sem koma upp. ■

GOTT... BETRA...
BESTA SETTID



Mótið lengt en krafan sú sama



Aron Guðmundsson
aron
@frettabladid.is

Besta deild karla fór af stað í vikunni en KR-ingar hefja leik í deildinni í kvöld. Þjálfari liðsins, Rúnar Kristinsson, er meðvitaður um pressuna sem er á KR á hverju ári.

KR-ingar ætla sér í titilbaráttu í Bestu deildinni í sumar en liðinu var spáð fjórða sæti í spá fyrirliða og forráðamanna deildarinnar sem var opinberuð í höfuðstöðvum Knattspyrnusambands Íslands í síðustu viku. Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, segir áskorun fólga í lengingu Íslandsmótsins en telur lið sitt geta blandað sér í toppbaráttuna.

Rúnar var nokkuð brattur er hann var beðinn um að gefa álit sitt á spánni. „Þetta er bara fínt. Við vitum hvað hin liðin geta og við vitum hvað við getum. Það er ekki mikill munur á þessum liðum og þetta er bara spá, við tökum henni ekkert alltof hátiðlega. Auðvitað viljum við enda ofar en þessi spá segir til um en þetta eru allt svo jöfn lið að mótið verður bara að fá að spílast.“

Það er ávallt gerð krafa um titla í Vesturbænum, það er staðreynd sem leikmenn og þjálfarar KR eru meðvitaðir um. Liðin fara nú inn í óþekktar aðstæður hér á landi þar sem að Íslandsmótið hefur verið lengt og undir lokin verður deildinni tvískipt þar sem efstu sex liðin berjast um Evrópusæti og Íslandsmeistaratitilinn. Neðri helmingur deildarinnar reynir að sleppa við fall.

„Við teljum að við getum blandað okkur í toppbaráttuna og viljum gera það. Það er hins vegar lyklatríði að enda í þessum topp sex sætum og komast inn í úrslita-



KR-ingar ætla sér stóra hluti í sumar en verkefnið verður erfitt.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Krafan er alltaf sú sama hjá KR og enginn þekkir það betur en Rúnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Baðinnréttingar



Tímabundin opnunartími
vegna Covid-19

Mán. – Föst. 10–17
Laugardaga 11–15

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562–1500
Friform.is.

Friform

Við teljum að við getum blandað okkur í toppbaráttuna og viljum gera það.

Rúnar Kristinsson

keppnina, berjast um Evrópusæti og auðvitað fara alla leið og berjast um titilinn. Það er okkar markmið að komast alla leið í það,” segir Rúnar í samtali við Fréttablaðið.

Hann segir leikmannahóp KR ofboðslega vel stemmdan. „Þetta er það sem að við viljum vera að gera, vera í Evrópukeppni og fá marga fótboltaleiki. Auðvitað er þetta tilraun sem við erum að fara taka þátt í með lengingu mótsins en það eru allir mjög spennir fyrir þessu vitandi það að leikjum er að fjölga. Álagið verður meira og þetta verður verðug áskorun líkamlega og andlega, bæði á leikmenn og þjálfara yfir lengri tíma. Þetta eru nýjar aðstæður fyrir alla og áhugavert að sjá hvernig þetta mun þróast.“

Rúnar kveðst ánægður með leikmannahóp sinn en hefur hug á að bæta við sig leikmönnum. Hins vegar verður undirbúningsvinnan í því ferli að vera góð. „Ég er mjög ánægður með leikmannahópin

sem ég hef í höndunum núna en er að vonast til þess að við náum að bæta við okkur einum til tveimur leikmönnum. Það er mikil vinna fólgin í því að finna þá leikmenn. Þetta verða að vera réttu leikmennirnir, leikmenn sem passa inn í það sem við erum að gera. Við erum búnir að skoða markaðinn vel en það verður að fara náði í þetta ferli og þá sérstaklega með tilliti til erlendra leikmanna því oft á tíðum hefur það klikkað. Undirbúningsvinnan þarf að vera góð svo við lendum ekki í því veseni að fá inn leikmenn sem að við getum ekki notað eða erum óánægðir með.“

Gera má ráð fyrir því að nokkur lið muni gera atlögu að Íslandsmeistaratitlinum og Rúnar svarar því játandi þegar hann er spurður að því hvort deildin sé að styrkjast. „Mér finnst það. Ef maður horfir á undirbúningsstímabilið og tímabilið í fyrria, sér hvernig liðin eru að spila, þá finnst mér deildin alltaf verða sterkari og sterkari. Það eru fleiri lið sem koma til greina í titilbaráttunni og fleiri lið sem geta strítt þeim liðum sem eru í titilbaráttu. Það er ekkert lið í deildinni sem maður mætir og rúllar bara yfir.“

Hann leggur þó áherslu á að KR-ingar þurfi fyrst og fremst að hugsa um sjálfa sig. „Fyrir okkur snýst þetta aðallega um að hafa bara trú á sjálfum okkur, vilja vinna hvern einasta leik og leggja hart að okkur. Svo þarf maður líka heppni í þessu,” segir Rúnar Kristinsson, þjálfari KR í samtali við Fréttablaðið. ■

Fjölbreyttar námsleiðir í íþróttافرæði HR

Útskrifaðir íþróttافرæðingar frá íþróttافرæðideild Háskólans í Reykjavík eiga kost á fjölbreyttum störfum við kennslu, þjálfun og stjórnun á fjölmörgum sviðum íþróttar og líkams- og heilsuræktar.

Námið er fjölbreytt og krefjandi. Í grunnnáminu kynnast nemendur undirstöðuatriðum í þjálfun og kennslu og ljúka einingum í verknámi. Einnig kynnast þeir því hvernig nota má niðurstöður rannsókna og nýjustu tækni til að efla þjálfun, afreksíþróttir og heilsu almennings. Í meistaranáminu er lögð áhersla á rannsóknir og tengsl við samfélag og atvinnulíf.

Nýtt diplómanám í íþróttافرæði

Nýtt og framsækið diplómanám verður jafnframt í boði við íþróttافرæðideild Háskólans í Reykjavík haustið 2022. Um er að ræða diplómanám í styrk- og þrekþjálfun, sem er sérstaklega hagnýtt fyrir þá sem vilja læra að meta líkamlegt ástand fólks, gera videigandi áætlun og fylgja eftir með viðurkenndum þjálfunaraðferðum. Má þar nefna sjúkraþjálfara, íþróttافرæðinga, íþróttakennara og þá sem hafa reynt af þjálfun.

„Ég mæli hiklaust með námi í íþróttافرæði við HR fyrir alla sem hafa áhuga á íþróttum og þjálfun íþróttamanna. Gagnlegast er hvernig verkefni eru uppsett en nemendur geta sjálfir valið sér viðfangsefni fyrir hvert verkefni, svo lengi sem það fellur undir efni viðkomandi námskeiðs og kennarinn samþykkir verkefnið. Með þessu verður námið miklu einstaklingsmiðaðra.“

Við háskólann starfar einvalalið kennara, meðal annars þekktir erlendir gestakennarar, og mikið og gott aðgengi er að kennurum. Námið er hagnýtt og fyrir þá sem starfa nú þegar í íþróttum er marga þar sem hægt er að taka beint úr bókinni og prófa í raunveruleikanum. Þetta nám getur opnað ansi margar dyr og ég held að það geri það fyrir flesta sem klára námið og ætla sér eitthvað ákveðið.“

Arnór Snær Guðmundsson er með BSc. í íþróttافرæði og MEd. í heilsuþjálfun og kennslu. Hann er styrktarþjálfari A-landsliðs karla og knattspyrnufélagsins Sandefjord.



Diplómanám í styrk- og þrekþjálfun hefst við íþróttافرæðideild Háskólans í Reykjavík í haust.

MYND/ADSEND

Með náminu öðlast nemendur viðtæka þekkingu og fá tækifæri til að sniða verkefni að sínu áhugasviði. Þeir fá að vinna mörg verkefni út frá eigin bakgrunni og auka þannig sérhæfingu sína.

Námið er bæði bóklegt og verklegt í bland. Diplómanámið er eins árs 60 ECTS-eininga nám. Að því loknu geta nemendur sótt um í íþróttافرæði í HR og fengið 54 af 60 einingunum metnar inn í námið. ■

Umsóknarfrestur um nám við íþróttافرæðideild HR er til 5. júní.



Arnór Snær Guðmundsson mælir eindregið með námi í íþróttافرæði við HR. Þar býðst nemendum ný og glæsileg aðstaða með úrvals æfingartækjum og mælingabúnaði.

MYND/ADSEND

Íþróttافرæði

Íþróttافرæðideild Háskólans í Reykjavík býður upp á fjölbreytt og skemmtilegt nám sem undirbýr nemendur fyrir störf á fjölmörgum sviðum íþróttar, líkams- og heilsuræktar. Störfin lúta til að mynda að kennslu, þjálfun og stjórnun. Þá öðlast nemendur færni við hagnýtingu rannsókna og kynnast nýjustu tækni til að efla þjálfun, afreksíþróttir og lýðheilsu. Í náminu er mikil áhersla lögð á tengsl við samfélag og atvinnulíf.

NÁMSBRAUTIR Í BOÐI VIÐ ÍÞRÓTTAFRÆÐIDEILD:

Diplómanám:

– Styrk- og þrekþjálfun

Grunnnám:

– Íþróttافرæði (BSc)

Meistaránám:

– Heilsuþjálfun og kennsla (MEd)

– Íþróttavísindi og þjálfun (MSc)

– Íþróttavísindi, þjálfun og stjórnun (MSc)

Sjá nánari upplýsingar á www.hr.is/id



„Reynslan af íþróttافرæðinni er geggjuð og allir áfangarnir sem ég hef tekið eru á mínu áhugasviði.“

Marino Máni Mabazza
BSc-nemi í íþróttافرæði

[@haskolinnireykjavik](https://www.facebook.com/haskolinnireykjavik)

[@haskolinnireykjavik](https://www.instagram.com/haskolinnireykjavik)

Spá Fréttablaðsins

1. sæti	Valur
2. sæti	Breiðablik
3. sæti	Stjarnan
4. sæti	Selfoss
5. sæti	Pór/KA
6. sæti	Próttur
7. sæti	Afturelding
8. sæti	ÍBV
9. sæti	Keflavík
10. sæti	KR

Sérfræðingurinn spáir í spilin fyrir Bestu deild kvenna

Eður Benedikt Eiríksson

Eður Benedikt Eiríksson er einn af þeim aðilum sem þekkir Bestu deild kvenna hvað best. Eður lét af störfum sem aðstoðarþjálfari Vals síðasta haust en hann hafði staðið við hlið Péturs Péturssonar síðustu ár.

Eður ákvað að stökkva í djúpu laugina og tók við Prótti Vogum sem leikur í sumar í Lengjudeild

karla. Eður hefur í vetur fylgst náið með leikjum í kvennaboltanum.

„Búast má við spennandi sumri í Bestu deild kvenna en þó að Valur sé líklegasta liðið til að fara með sigur af hólmi, þá hefur undirbúningstímabilið sýnt okkur að það getur allt gerst. Breiðablik gæti barist um þetta

en Stjarnan og Selfoss eru líka með spennandi lið. Afturelding kemur svo með ferskt blóð inn í mótið. Ég á ekki von á öðru en að það verði hart barist á toppi sem botni.

Mótið fer af stað með látum og það er þétt spilað,” segir Eður Benedikt, sérfræðingur blaðsins. ■

Undirbúningstímabilið hefur sýnt að allt getur gerst.

Spá Fréttablaðsins fyrir Bestu deild kvenna**1. sæti**

Þjálfari Pétur Pétursson
Lykilmaður Arna Sif Ásgrimsdóttir

Ef þú horfir á það miðað við að liðið hafi unnið sannfærandi í fyrra þá eru þær líklegastar til þess að vinna þetta. Spurningarmerkin eru á miðjunni, Dóra María er hætt og miðað við leikina er staða vinstri bakvarðar eitthvað sem þarf að leysa betur. Elin Metta þarf að komast inn í þetta, hún hefur ekkert komist almennilega af stað og ekki náð sínu besta fram í þeim leikjum sem hún hefur spilað. Það er spurning með standið á henni, allt þetta vesen í kringum hvort hún sé hætt eða ekki. Kjarninn er svipaður en það eru spurningarmerki.

**2. sæti**

Þjálfari Ásmundur Arnarson
Lykilmaður Hildur Antonsdóttir

Nokkuð svipað og fyrir síðasta ár, það er aftur nýr þjálfari og svo eru breytingarnar áhugaverðar. Þeir leikmenn sem hafa komið eru kannski ekki þær styrkingar sem þær þurftu, þeim vantaði stöðugleika í fyrra. Þær gátu unnið öll lið en tapað fyrir öllum, þær voru upp og niður. Þeirra helsta áskorun í sumar verður að ná góðum stöðugleika, fyrir Ása og Kristófer að koma sínum stil á þetta. Þeir eru nýir í kvennaboltanum að einhverju leyti, þetta er tvennt ólíkt miðað við það sem þær venjast. Þarna er þess krafist að það sé stöðugleiki upp á topp.

**3. sæti**

Þjálfari Kristján Guðmundsson
Lykilmaður Katrín Ásbjörnsdóttir

Þær hafa bætt sig á milli ára, þetta er liðið sem Kristján Guðmundsson bjóst við að vera með í höndunum fyrir þremur árum. Núna er þetta lið sem er tilbúið í meistaraflokksfótbolta, Kristján tók upp unga leikmenn þegar hann tók við. Hann hefur mótað sitt verkefni, þær líta mjög vel út. Þær virka frískar, fara hátt á liðin og spila flottan fótbolta. Stjarnan á að geta barist á toppi deildarinnar, þær geta spilað nokkrar tegundir af fótbolta og gert það vel. Stjarnan getur gert atilögu að titlinum.

**4. sæti**

Þjálfari Björn Sigurbjörnsson
Lykilmaður Sif Atladóttir

Það eru spennandi hlutir í gangi



Bikarinn verður áfram á Hlíðarenda ef spá Fréttablaðsins gengur eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓTTAR GEIRSSON

þarna, þau eru óskrifað blað. Þær gerðu hlutina öðruvísi en önnur lið í vetur, Björn Sigurbjörnsson, nýr þjálfari, kemur seint inn í þetta. Þær missa út alla leikina í janúar, mér fannst þær þungar fyrstu leikina í Lengjubikarnum. Þær hafa átt erfitt með að kaupa sér mark, þetta er hins vegar á réttri leið. Ef þær ætla að berjast við toppinn þá verða þær að bæta við sig sterkari leikmönnum. Sif Atladóttir gefur þeim helling varnarlega og er leiðtogi. Maður er spenntur að sjá hvernig þær verða.

**5. sæti**

Þjálfari Perry McLachlan
Lykilmaður Sandra María Jessen

Ég held að Pór/KA sé á leið í langtímaværkefni, þjálfarateymið gæti horft í það. Að mínu viti er það það sem Pór/KA þarf, þær verða Íslandsmeistarar 2017 og svo kemur niðursveifla. Pór/KA þarf að staðsetja sig, eins og staðan er í dag geta þær ekki barist við toppinn. Ég held að það sé heldur ekki markmiðið, þegar þú ert kominn með ákveðna leikmenn inn í hópinn þá gerir þú kröfu um að gera eitthvað. Þær missa Örnú Sif sem hefur verið besti varnarmaður deildarinnar að mínu mati. Þær þurfa að styrkja varnarleik sinn.

**6. sæti**

Þjálfari Nick Chamberlain
Lykilmaður Danielle Julia Marcano

Ég er spenntur fyrir þessu, það er áskorun fyrir Nick hvert hann ætlar með þetta. Er Próttur búinn að toppa sig? Getur hann náð meira út úr þessum hópi, það er áskorun í því að endurnýja sig á milli ára og vera lengi með sama liðið. Hann hefur þjálfað sömu leikmennina í mörg ár, maður sá í vetur að þetta varð þreytt á köflum. Próttur hlýtur að stefna upp á við, það er að berjast um tvö efstu sætin og vinna bikarinn. Árið eftir velgengi er áskorun, ég sé þær ekki miðað við hópinn núna berjast á toppnum.

**7. sæti**

Þjálfari Bjarki Már, Alexander Aron og Ruth Þórðar
Lykilmaður Hildur Karítas Gunnarsdóttir

Ég hef séð þær í vetur og þær líta mjög vel út, þær eiga eftir að fá fleiri leikmenn inn. Þær gerðu mjög vel á íslenska markaðnum líka, metnaðurinn í Mosó er gríðarlegur. Það virðist vera mikið púður sett í þetta, ég er hræddur um

það ef þetta byrjar ekki vel að þær gætu farið að hengja haus. Fyrir þær að halda sér uppi er stórsigur, það má ekki gleyma því að það er stutt síðan liðið var í 2. deild. Hafa litið vel út í vetur og það verður fróðlegt að sjá hvernig tekst til í sumar.

**8. sæti**

Þjálfari Jonathan Glenn
Lykilmaður Kristín Erna Sigurlásdóttir

Það er jákvætt fyrir ÍBV að geta náð í þjálfara sem er í Eyjum, það verður spennandi að sjá hvað Jonathan Glenn gerir. Það er óvænt ráðning. Þær þurfa að gleyma síðasta sumri sem var vonbrigði, liðið var vel mannað. Þetta var sá útileikur sem erfiðast var að fara í, sá leikur sem Valur þurfti að breyta hvað mest fyrir leik. Það er erfitt að sækja ÍBV heim, ef þær ná stöðugleika og fara á skrið þá geta þær gert gott. Fyrir ÍBV er mikilvægt að koma ungum og uppöldum leikmönnum inn og hætta að missa þá upp á land eins og gerst hefur.

**9. sæti**

Þjálfari Gunnar Magnús Jónsson
Lykilmaður Caroline Van Slambrouck

Það er magnað að horfa á að vinna Breiðablik í fyrra og gera jafntefli við Val og það eru stigin sem héldu Keflavík uppi í fyrra. Þær gátu legið aftarlega á v og tekið þetta á stemmingu, vandamál Keflavíkur var að stýra leikjum. Valur og Breiðablik voru ekki að bakka gegn Keflavík, þær þurfa að gira sig í réttu leikina og taka réttu stigin. Miðað við spilmennskuna í vetur og styrkingarnar þá gæti þetta orðið mjög erfitt sumar.

**10. sæti**

Þjálfari Jóhannes Karl Sigursteinsson
Lykilmaður Bergdís Fanney Einarsdóttir

Það fer allt eftir því hvaða útlendingar koma til leiks hvernig útkoman í haust verður. Þær eru að byggja upp yngri flokkana hjá sér, þær þurfa sterka útlendinga í sumar til að halda sér í deildinni. Þetta verður erfitt næstu ár hjá þeim á meðan yngri leikmenn skila sér inn í meistaraflokkana. Það vantar mörk í liðið og þær sem hafa skorað í vetur eru mjög ungar, þú ferð ekki inn í efstu deild og setur það á herðar ungra leikmanna að þurfa að skora. Það veldur manni áhyggjum hvernig samsetningin á hópnum er. Þær þurfa að styrkja liðið svo ekki fari illa.



Náðu settu marki

Neubria er háþróuð bæti-efnalína sem inniheldur öflugar jurtir ásamt mikilvægum vítamínum og steinefnum sem hjálpa þér að ná árangri á æfingum.

Það er löngu ljóst að yfirþyrmandi streita getur haft skaðleg áhrif á heilsuna. Hraðinn í nútíma samfélagi er mikill og áreiti og kröfur til okkar sjálfs sífellt að aukast. Endalaus keyrsla og álag geta haft slæm áhrif á heilsu okkar og hamingju til lengdar.

Adaptogen jurtir hafa lengi verið þekktar

Í náttúrunni leynist fjársjóður í jurtum sem kallast Adaptogen, eða öðru nafni jafnvægisjurtir, sem geta komið okkur að góðu gagni. Jurtir sem flokkast sem Adaptogen eru taldar mjög áhrifaríkar og öruggar og hafa verið notaðar um ómunatið til að efla heilsu okkar og auka aðlögunarhæfni líkamans gegn álagi. Adaptogen jurtir hafa náð miklum vinsældum á vesturlöndum og má segja að þær séu í brennideplinum í heimi heilsuvísindanna í dag. Mikill áhugi er á að rannsaka eiginleika jurtanna og sífellt fleiri niðurstöður styðja við aldagamlar fullyrðingar forvera okkar um jákvæð áhrif þessara einstöku jurta á líkamann.

Vísindi og þekking að leiðarljósi

Hjá Neubria starfar úrvælslið sérfræðinga sem hefur það að markmiði að skapa fæðubótaefni

sem mætir þörfum nútímans. Mikill metnaður er lagður í að setja saman öflugar blöndur af jurtum og öðrum náttúru-efnum ásamt nauðsynlegum vítamínum með áherslu á eðlilega líkamsstarfsemi. Neubria-línan samanstendur af fimm völdum bæti-efnablöndum sem innihalda áður nefndar Adaptogen jurtir sem lengi hafa verið þekktar fyrir heilsuefandi eiginleika sína, ásamt mikilvægum vítamínum og steinefnum.

Neubria Sleep

- Inniheldur tryptófan, humla, sítrónu, kamillu, saffran og magnesíum.
- Formúlan inniheldur útvalin náttúrubæti-efni sem vinna saman að því að hjálpa líkamanum að ná slökun og bæta svefngæði.

Neubria Focus

- Inniheldur koffín, co-enzyme Q10, sítrónólín, bacopa monnieri, aswagandha, ginkgo bilboa, salvíu, lútín, zeaxantín, bláber og rósmarín.
- Góður kostur fyrir þá sem eyða miklum tíma fyrir framan skjái.

Neubria Memory

- Inniheldur túrmerik, aswagandha, bacopa monnieri, rósmarín extract, ginkgo bilboa, sítrónólín og co-enzyme Q10.



Endalaus keyrsla og álag getur haft slæm áhrif á heilsu okkar og hamingju til lengdar.

MYND/ADSEND

Allar Neubria vörurnar eru vegan

- Inniheldur einnig öll helstu vítamín og steinefni sem líkaminn þarfnast.
- Góður kostur fyrir þá sem vilja efla minni og einbeitingu.

Neubria Energy

- Inniheldur B3-, B5-, B6-, B9- og B12-vítamín, kóreskt-, síberískt- og amerískt gingseng, náttúrulegt koffín frá guarana-ávextinum ásamt L-theanine sem getur jafnað og mildað áhrif koffíns og komið þannig í veg fyrir óþægilegar aukaverkanir sem getur fylgt koffín-inntöku.
- Góður kostur fyrir þá sem þurfa á auka orku að halda.

Neubria vörurnar eru háþróaðar gæðavörur með mismunandi áherslur sem hjálpa þér að ná árangri.

Neubria Mood

- Inniheldur túrmerik, burnirót, ashwaganda, saffran og sítrónólín.
- Inniheldur einnig öll helstu vítamín og steinefni sem líkaminn þarfnast.
- Góður kostur fyrir þá sem vilja bæta líkamlegt og andlegt jafnvægi. ■

Útsölustaðir: Apótek og heilsuhillur stórmarkaða.

Áthugið að Neubria Focus og Energy eru koffínþætt bæti-efni og eru ekki ætluð 16 ára og yngri.

ERT ÞÚ EKKI NÓGU HARÐUR?

Man Power er hannað fyrir karlmenn sem vilja auka orku og úthald í rúminu.

Man Power inniheldur gingseng ásamt aminosýrum sem hafa jákvæð áhrif á þessa þætti.





Oliver Ekroth
Vikingur

Aldur: 30 ára
Þjóðerni: Svíþjóð
Staða: Miðvörður

Varnarmaðurinn frá Svíþjóð hefur verið sem klettur í vörn Vikings eftir að hann gekk í raðir félagsins í vetur. Ekroth fær það verkefni ásamt Kyle McLagan að fylla skarðið sem Kári Árnason og Sölvi Geir Ottesen skilja eftir sig. Ekroth hefur litið vel út í vetur, sterkur sem klettur og gæti slegið í gegn í sumar.



Omar Sowe
Breiðablik

Aldur: 21 árs
Þjóðerni: Gambia
Staða: Framherji

Omar sem er 21 árs, er snöggur og áráðinn framherji af gambískum ættum. Hann kom hingað til lands á dögum en hann gæti reynst Blikum happafengur ef hann kemst í girinn. Hann hefur verið leikmaður New York Red Bulls í þrjú ár og spilaði sinn fyrsta leik í MLS-deildinni í september 2021. Hann var jafnframt markahæsti leikmaður Red Bulls II undanfarin ár.



Hallur Hansson
KR

Aldur: 29 ára
Þjóðerni: Færeyjar
Staða: Miðjumaður

Margir urðu hissa að sjá Hall koma til Íslands en hann hefur verið lykilmáður í dönsku úrvalsdeildinni. Hallur er sóknardjarfur og vinnusamur miðjumaður sem hefur leikið lengst af sínum ferli í dönsku úrvalsdeildinni, en einnig í skosku úrvalsdeildinni og í Færeyjum. Hallur kom til KR frá Vejle og miklar væntingar eru gerðar til hans í Vesturbæ.

Ný andlit setja sterkan svip á Bestu deildina

Á hverju ári rata ný nöfn inn í deild þeirra bestu. Besta deildin er nýtt nafn á efstu deild karla en í áratugi hafði deildin borið nafn fyrirtækis eða vörumerkis. Mikil spennan er fyrir deildinni en í ár verða 27 leikir og hálfgerð úrslitakeppni í lok mótis. Mörg ný nöfn eru mætt í deildina en Fréttablaðið telur að þessir tíu leikmenn muni stela fyrirsögunum í sumar.

hodi@frettabladid.is



Oliver Stefánsson
ÍA

Aldur: 19 ára
Þjóðerni: Ísland
Staða: Miðvörður

Varnarmaðurinn kemur á láni frá Svíþjóð en hann kaus að fara heim á Akranes til að koma sér í gang. Þessi efnilegi leikmaður hefur upplifað mjög erfiða tíma í Svíþjóð þar sem meiðsli og blóðtappi í öxl hafa komið í veg fyrir að Oliver blómstraði í Svíþjóð. Faðir hans er Stefán Þórðarson, fyrrum landsliðsmaður í knattspyrnu, og móðir hans, Magnea Guðlaugsdóttir, er fyrrverandi landsliðskona og núverandi þjálfari meistaraflokks kvenna hjá ÍA.



Patrik Johannesen
Keflavík

Aldur: 26 ára
Þjóðerni: Færeyjar
Staða: Sóknarmaður

Patrik kom frá norska liðinu Egersund þar sem hann spilaði á síðasta ári. Hann hefur raðað inn mörkum í vetur og eru miklar væntingar gerðar til hans. Patrik getur spilað bæði á kanti og sókn, Patrik hefur á ferlinum leikið 187 leiki og skorað í þeim 79 mörk. Á að baki 14 landsleiki fyrir Færeyjar og hefur í þeim leikjum skorað eitt mark. Þarf að eiga gott sumar svo Keflavík dansi ekki við fall-drauginn.



Þorsteinn Aron Antonsson
Stjarnan

Aldur: 18 ára
Þjóðerni: Ísland
Staða: Miðvörður

Gaman verður að sjá hvernig Þorsteinn kemur inn í liðið í Garðabæ en hann kemur til félagsins á láni frá Fulham í Englandi. Þorsteinn Aron steig sín fyrstu skref í meistaraflokki Selfoss þar sem hann stóð sig með eindæmum vel og skrifaði undir samning við Fulham á Englandi í kjölfarið. Miklar væntingar eru gerðar til Þorsteins í framtíðinni en hann er fljótur og sterkur varnarmaður sem les leikinn vel. Gæti reynst happafengur í Garðabæ.



Jesper Juelsgård
Valur

Aldur: 33 ára
Þjóðerni: Danmörk
Staða: Bakvörður

Danski landsliðsmaðurinn er mættur til Íslands og ætlar að reyna fyrir sér á Hlíðarenda. Þessi reynslumikli og öflugur leikmaður kemur frá AGF þar sem hann lék vel yfir 100 leiki og áður lék hann m.a. með Midtjylland, Skive, Evian í Frakklandi, Brøndby og AGF. Jesper hefur leikið með öllum yngri landsliðum og A-landsliði Dana. Miklar væntingar eru gerðar til Jesper í sumar en hann er með fyrirgjafir í hæsta gæðaflokki.



Aron Jóhannsson
Valur

Aldur: 31 árs
Þjóðerni: Bandaríkin/Ísland
Staða: Framherji

Aron Jóhannsson, fæddist í Alabama í Bandaríkjunum. Hann flutti til Íslands þriggja ára gamall en kaus síðar að spila með bandaríska landsliðinu. Aron hefur átt flottan feril í atvinnumennsku en kaus að snúa heim á besta aldri og semja við Val. Öll bestu lið deildarinnar vildu fá Aron en Valur hafði betur í baráttunni við keppinauta sína. Finni Aron taktinn í sumar verður gaman að fylgjast með framherjanum gæðþekka.



Hólmar Örn Eyjólfsson
Valur

Aldur: 31 árs
Þjóðerni: Ísland
Staða: Miðvörður

Hólmar Örn er eitt stærsta nafn deildarinnar í sumar. Hólmar snýr heim eftir fjórtán ár í atvinnumennsku. Hann hefur leikið með nokkrum stórliðum í Evrópu á sínum ferli, m.a. West Ham, Levski Sofia, Maccabia Hæfa og VfL Bochum. Hólmar á að baki 19 leiki með A-landsliðinu og yfir 40 leiki með yngri landsliðum Íslands. Gaman verður að sjá Hólmar reyna að binda saman varnarleik Vals í sumar.



Maciej Makuszewski
Leiknir R

Aldur: 32 ára
Þjóðerni: Pólland
Staða: Kantmaður

Leiknir bindur miklar vonir við Makuszewski í sumar og vonast til þess að koma hans muni auka áhuga á félaginu meðal pólska samfélagsins á Íslandi. Makuszewski er 32 ára og býr yfir mikilli reynslu. Hann hefur leikið fimm landsleiki fyrir pólska landsliðið og var í 35 manna úrtakshóp Póllands fyrir HM í Rússlandi 2018. Hann var þó ekki hluti af lokahópnum. Hann lék síðast fyrir Jagiellonia Białystok en 2016-2020 var hann hjá hinu öflugu liði Lech Poznan.

Kemur ró á ristilinn

Hrafnhildur hefur starfað sem einkabjálfari hjá World Class í um 17 ár. Hún þjáðist af ristilvandamálum og bakflæði í áratugi vegna meðgönguógleði, sem orsakaði sjö mánaða uppköst.

Fyrir þremur árum fór Hrafnhildur Hákonardóttir í ristilspeglun vegna óþæginda í ristli og meltingarvandamála. „Ristilinn hafði verið til trafala í 25 ár frá því ég var ólétt. Á meðgöngunni ældi ég daglega í um sjö mánuði. Eins edlilegur hlutur og ólétt er fyrir kvenlíkamann eru sjö mánuðir af uppköstum ekkert grín fyrir líkamsstarfsemina. Ég hlaut af þessu varanlegar skemmdir á vélinda sem orsaka bakflæði. Einnig hafði þetta slæm áhrif á ristilinn, sem hafði þau áhrif að ég fór að finna fyrir verkjum í baki og líkamanum öllum. Ég hafði lengi tekið inn ymis magalyf og alltaf þurft að passa hvað ég borðaði af hveiti- og mjólkurvörum, en það tók mig nokkur ár að átta mig á að þessar matartegundir færu illa í mig.

Mér var ráðlagt að taka inn magnesíum til þess að koma jafnvægi á meltinguna og róa ristilinn. Ég prufaði nokkrar tegundir en þær hentuðu mér ekki. Til allrar hamingju var mér bent á magnesíum með fjallagrösum frá ICEHERBS, en fjallagrös eru mjög mýkjandi. Nú hef ég tekið magnesíumblönduna í þrjú ár og aldrei liðið betur. Ég er komin með sléttan maga og meltingin er komin í hið stakasta lag. Með því að taka reglulega inn magnesíum með fjallagrösum get ég jafnvel leyft mér að svindla, því ég veit fátt betra en að geta fengið mér pasta og hvítlauksbraud á góðum degi. Við bakflæðinu tek ég hóstamixtúru með fjallagrösum frá ICEHERBS. Mixtúran er bragðgóð og



Magnesíum með fjallagrösum frá ICEHERBS hefur hjálpað Hrafnhildi Hákonardóttur mikið.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

mjúk í hálsi og hjálpar mér að sofa eins og engill,” segir Hrafnhildur.

Einstök blanda

Magnesíumskortur er eitt stærsta lýðheilsuvandamál sem við glímum við í nútímanum. Magnesíum er eitt mikilvægasta steinefni í líkamanum og kemur við sögu í yfir 300 efnaskiptum, allt frá slökun vöðva- og taugakerfisins, virkni hjarta- og æðakerfisins og í upptöku steinefna. Magnesíum blandan frá ICEHERBS er einstök á heimsvísu og inniheldur magnesíum citrate og handtínd, íslensk fjallagrös. Fjallagrös og magnesíum virkar saman á einstakan hátt. Fjallagrös mýkja meltinguna og magnesíum eykur upptöku

á steinefnum úr fjallagrösunum. Magnesíum citrate er eitt fárra bætiefna sem er gott að taka inn að staðaldri, en það er mjög erfitt að fá nægt magnesíum úr fæðunni. Þá er mælt með að þeir sem stunda líkamsrækt taki magnesíum reglulega.

Áhrif magnesíums

Magnesíum stuðlar að edlilegri vöðvastarfsemi og er talið bæta gæði svefns og draga úr fótapirringi og sinadrætti. Þá stuðlar magnesíum að því að draga úr þreytu og lúu.

Magnesíum er einnig notað í meðhöndlun meltingarvandamála. Það eykur vatnsinntöku í meltingarkerfið sem auðveldar líkam-

anum að melta og losa hægðir. Þá er magnesíum einnig hreinsandi og hefur góð áhrif á ristilinn. Það stuðlar líka að edlilegri starfsemi taugakerfisins.

Leyndarmál frá náttúrunni

Fjallagrös hafa öldum saman verið notuð sem náttúruleg heilsujurt á Íslandi. Þau eru rík af steinefnum og stuðla að heilbrigðri þarmaflöru. Þá eru fjallagrös vatnslosandi og minnka þjóg. Fjallagrös innihalda einnig trefjar sem mynda mýkjandi himnu á slímhúð í maga sem bætir og mýkir meltinguna.

Hrein náttúruafurð

Markmið ICEHERBS er að nýta

náttúruauðindir sem tengjast íslenskri hefð og sögu og vinna í hreina neytendavæna vöru fyrir viðskiptavinum. „Við hjá ICEHERBS leggjum áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni sem byggja á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Við viljum að vörurnar okkar nýtist viðskiptavinum okkar, að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu. Þá notum við enn fremur engin óþörf fylliefni.“ ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum og í nýrri vefverslun á www.iceherbs.is.



Dagskrá Bjartra daga fimmtudaginn 21. apríl

Sumardagurinn fyrsti í Hafnarfirði

11-13	Fuglaskoðun í Höfðaskógi
12	Víðavangshlaup Hafnarfjarðar í miðbæ Hafnarfjarðar
12-15	Opnunarhátíð Lífgæðaseturs St. Jó
13-15	Badminton og borðtennis í íþróttahúsinu við Strandgötu
13-18	Opið hús hjá Siglingaklúbbnum Þyt - Strandgötu 88
13	Alþjóðleg söngstund og perlukóðun á Bókasafni Hafnarfjarðar
13	Skátamessa í Viðistaðakirkju
13:45	Skrúðganga frá Viðistaðakirkju að Thorsplani
14-16	Fjölskyldudagskrá á Thorsplani í umsjón skátafélagsins Hraunbúa
16	Tónleikar á Bókasafni Hafnarfjarðar - The Road goes ever on



20-24. apríl
Bjartir dagar
hfj.is/bjartirdagar

Kynntu þér dagskrá bjartra daga í Hafnarfirði

Nánar á:
hafnarfjordur.is



Hafnarfjörður

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Garðyrkja

Almenn garðaumsjón, sláttur, klippingar og fl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskripti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Keypt & Selt

Til sölu

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-15,
Skiopholt 27, 105

Upplýsingar í síma 788 1590

Heilsa

Heilsuvörur



Atvinna

Atvinna í boði



BIFVÉLAVIRKI ÓSKAST

Bifvélavirki óskast - 60 ára eða eldri Við óskum eftir að ráða bifvélavirka eða vanann mann (60 ára plús) á bilaverkstæði fyrirtækisins. Um er að ræða krefjandi og skemmtilegt starf, við viðgerðir á bilaleigubífreiðum. Æskilegt er að viðkomandi hafi haft reynslu af sambærilegu starfi, en ekki er gerð krafa um menntun. Umsóknarfrestur er til og með 30. apríl 2022. Fyrir nánari upplýsingar, vinsamlegast hafið samband í síma: 771-3040 Umsóknir ásamt ferilskrár er hægt að senda á netfangið diddifrisa@simnet.is



FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

VEIÐIPORTID

Grandagarður 3 • S: 552-9940

Stærðir:
270cm-500cm

Verð frá:
149.000.kr

SAILSKI®

Gerid verðsamanburð!
www.veidiportid.is

Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna og með stuttum fyrirvara.

Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

ráðum
ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögu að nýju deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Fornhagi 1

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 23. mars 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 31. mars 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Hagaskóla að Fornhaga 1. Í tillögunni felst að gerðir eru byggingarreitir fyrir uppsetningu tímabundinna færanlegra eininga fyrir kennslu og starfsmannahald á lóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **20. apríl 2022 til og með 7. júní 2022**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 7. júní 2022. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 20. apríl 2022
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í 50 ár


hagvangur.is

HAGVANGUR



FRAMTÍÐIN Í ORKU. DRYKKJUM

SYKURLAUS
6 NAUÐSYNLEG VÍTAMÍN
100% VEGAN
114 MG KOFFÍN



Merkisatburðir

- 1872** Mikið tjón verður á Húsavík vegna jarðskjálfta, á annað hundrað verða húsnæðislausir.
- 1903** Húsið Glasgow, hið stærsta á Íslandi er stóð við Vesturgötu 5 í Reykjavík, brennur til kaldra kola. Íbúarnir 30 bjargast.
- 1906** Jarðskjálfti veldur skemmdum og manntjóni í San Francisco.
- 2007** Allt að 80°C heitt vatn rennur niður Vitastíg og um Laugaveg í átt að Snorrabraut og veldur tjóni.

Rokið í kringum Ráðhúsið

Ráðhús Reykjavíkur var tekið í notkun fyrir þrjátíu árum. Byggingin varð á sínum tíma umdeild og vakti upp mótmæli og deilur.

arnartomas@frettabladid.is

Í síðustu viku voru liðin þrjátíu ár síðan Ráðhús Reykjavíkur var tekið í notkun. Árið 1986 hafði verið haldin opin samkeppni á vegum Reykjavíkurborgar um hönnun á nýju ráðhúsi sem skyldi standa við Tjörnina. Alls bárust 38 tillögur en vinningstillagan kom frá ungum arkitektum sem fengu verkefnið í hendurnar.

„Við tókum þátt í þessari samkeppni sem hálfgerðir unglingar, ekki nema 26-27 ára gömul. Okkur datt ekki í hug að þetta yrði einhver vinningstillaga,“ segir Margrét Harðardóttir arkitekt sem lagði inn vinningstillöguna ásamt Steve Christer. „Tíminn er svo fljótur að breytast og byggingin hefði líklega ekki verið teiknuð eins í dag og þá.“

Tillaga Margrétar og Steve var um margt einstök og var sú eina sem byggði mikið á návist við vatnið og lífríkið þar í kring.

„Við hleyptum vatninu á bak við húsið og helmingur þess er eiginlega neðanjarðar,“ segir Margrét. „Það voru svo auðvitað ýmis verkfræðileg úrlausnarefni sem þurfti að sinna í tengslum við það.“

Hin sérislenska umræða

Bygging ráðhússins varð fljótlega mjög umdeild. Hópur fólks tók sig til og mót-



Frá byggingu Ráðhússins. Margir voru ósáttir við staðsetningu byggingarinnar.

MYND/ADSEND

mælti því að byggingin yrði reist á þessum stað og einhverjir vildu meina að ráðhúsið ætti frekar að risa á öðrum stað.

„Þetta virtist mest beinast gegn ákvörðuninni um að byggja á þessum stað,“ segir Margrét. „Ég heyrdi einhvers staðar að það hafi verið samdóma ákvörðun í borgarstjórn, að bæði minnihluti og meirihluti hafi samþykkt að fara í samkeppni um þetta hús. Þeir sem hrintu þessu úr vör hafi svo snúið gegn þessu eins og gerist gjarnan.“

Margrét og Steve voru í fyrstu ánægð með að umræða skyldi skapast um byggingar þó að síðar hafi komi ljós að hún snerist um ýmislegt annað.

„Það er svo sjaldan rétt um byggingar eða hvernig við mótum umhverfi okkar. Við vorum svo græn að okkur fannst bara mjög gott að fólk hefði svona mikinn áhuga á þessu og vorum bara oft

sammála því sem var sagt,“ segir hún.

„Umræðan var stundum grátbrosleg. Ég man til dæmis eftir tveimur konum sem fóru að deila um hvort þyrfti kafarabúning til að komast að húsinu að sunnanverðu. Það var svo margt í umræðunni byggt á algjörum misskilningi.“

Ráðhúsið var svo tekið í notkun þann 14. apríl 1992 og mótbárum gegn húsinu linnti.

„Þá var auðvitað of seint að segja nokkuð svo fólk sneri sér að einhverju öðru. Þetta var bara svo dæmigerð birtingarmynd af íslenskri umræðu,“ segir Margrét.

„Fólk skiptist í tvö hólf og hafði hátt. Það sem var kannski merkilegast var að þeir sömu borgarfulltrúar sem höfðu samþykkt samkeppnina voru svo í forsvari mótmælanna. En svona er pólitíkin.“ ■



Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Eggert Thorberg Kjartansson
múrari,
frá Fremri-Langey,

lést á taugalækningadeild Landspítalans í Fossvogi 17. apríl síðastliðinn. Útför hans verður auglýst síðar.

Hólmfríður Gísladóttir

Kjartan Eggertsson
Eggert Eggertsson
Gisli Karel Eggertsson
Snorri Pétur Eggertsson
Lilja Eggertsdóttir

Svanhvit Sigurðardóttir
Þyri Valdimarsdóttir
Anna Sigríður Þráinsdóttir
Svava María Þórðardóttir
Guðlaugur Ingi Harðarson

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir mín,
Hólmfríður Þóra Guðjónsdóttir

sem lést á Hjúkrunarheimilinu DAS við Brúnaveg 27. mars, verður jarðsöngun frá Bústaðakirkju föstudaginn 22. apríl kl. 10.00 árdegis.

Ragnar Friðriksson og fjölskylda.



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,
Ingibjörg Ásta Magnúsdóttir

Dalsbyggð 20, Garðabæ,
lést á Landspítalanum Hringbraut við Fossvog 11. apríl. Útför fer fram frá Vídalínskirkju fimmtudaginn 28. apríl klukkan 13.

Magnús Norðdahl
Anna Norðdahl
Atli Norðdahl

Helen Agnarsdóttir
Jeff Roy
Anna G. Einarsdóttir

ömmu- og langömmubörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Hulda Þórðardóttir

Burknavöllum 3, Hafnarfirði,
lést 3. apríl á hjúkrunarheimilinu Sólvangi. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 27. apríl kl. 13.

Sverrir V. Guðmundsson

Próstur Sverrisson
Fjölínir Sverrisson
Dagný Sverrisdóttir
Alvar Sverrisson

Sigríður María Jónsdóttir
Kristína Sverrisson
Jóhannes G. Erlingsson
Laleet Abreo Sverrisson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,
Elín Pálmadóttir

blaðamaður og rithöfundur,
sem lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu við Brúnaveg aðfaranótt 2. apríl verður jarðsöngun frá Dómkirkjunni föstudaginn 22. apríl kl. 13.00.

Sólveig Pálmadóttir
Helga Pálmadóttir

Helgi Samúelsson
systkinabörn og fjölskyldur þeirra.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, vinkona, amma og langamma,
Edda Laufey Pálsdóttir

Fróðengi 1, Reykjavík,
áður til heimilis að
Hafnarbergi 16, Þorlákshöfn,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 16. apríl. Útförin fer fram frá Þorlákakirkju þriðjudaginn 26. apríl kl. 13. Streymt verður frá útförinni á: laef.is/edda-laufey-palsdottir

Laufey Elfa Svansdóttir
Páll Kristján Svansson
Guðrún I. Svansdóttir
Árni Vilhjálmsson

Tor Ulset
Kristín Berglind Kristjánsdóttir
Bjarni Jónsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar ástkæra
Inga Eiríksdóttir

Austurvegi 51 Selfossi,
lést þriðjudaginn 12. apríl á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi. Útförin fer fram frá Selfoskirkju mánudaginn 25. apríl kl. 13.30.

Kristján Jóhannesson

Bertha Sigurðardóttir
Þórir Tryggvason
Ómar Ingi Tryggvason
Anna Rut Tryggvadóttir

Tryggvi Karl Magnússon
Kristbjörg Sigtryggisdóttir
Sædis Kristjánsdóttir
Sigurður Eyberg Guðlaugsson
og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Jón Valur Tryggvason

lést fimmtudaginn 7. apríl síðastliðinn á Hjúkrunarheimilinu Sólvangi. Útför hans fer fram í Víðistaðakirkju mánudaginn 25. apríl kl. 13.00.

Stella Rut Vilhjálmisdóttir

Vala Jónsdóttir
Eygló Jónsdóttir
Sjöfn Jónsdóttir
Tryggvi Jónsson
Hrönn Jónsdóttir

Hjörtur Haraldsson

Magnús Gíslason
Arný Sveina Þórólfsdóttir
Sigurður Harðarson

barnabörn og langafabörn.



Ástkær eiginkona mín, mamma, amma og langamma,
Ellen Margrét Ólafsdóttir

Norðurhófi 9, Flúðum,
lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands föstudaginn 8. apríl. Útförin fer fram frá Hrunakirkju laugardaginn 23. apríl kl. 13. Athöfninni verður streymt á Facebooksíðu Hrunaprestakalls.

Guðmundur Karl Guðfínnsson

Ólafur Guðmundsson
Ólga Lind Guðmundsdóttir
Valný Björg Guðmundsdóttir

Eiríkur Ágústsson
Karl Guðmundsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Jóhann Már Mariússon

verkfræðingur,
Lindargötu 33,
sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni miðvikudaginn 6. apríl, verður jarðsöngun frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 26. apríl kl. 13.

Sigrún Gísladóttir

Gisli Másson
Már Másson
Guðrún Másdóttir
Vigdís Másdóttir

Freyja Hreinsdóttir
Sigríður Maack
Örn Orrason
Tobias Helmer
og barnabörn.



Elskulegur bróðir okkar,
Hafþór Haraldsson

f.v. bankastarfsmaður,

lést 8. apríl sl. Útförin fer fram föstudaginn 22. apríl kl. 13.00 frá Háteigskirkju. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarsjóð Ljössins. Streymt verður frá athöfninni á hlekk: www.hljodx.is/index.php/streymi

Gunnar Örn Haraldsson
Dagþór Haraldsson
Birgir Ómar Haraldsson
og fjölskyldur.

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Saga og samfélag Mál-efni líðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 20.00 Bióbærinn Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraddir ásamt almennu bióspjalli.
- 20.30 Fréttavaktin
- 21.00 Markaðurinn (e)

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 15.00 Superstore
- 15.25 MakeUp
- 16.30 Spin City
- 16.55 The King of Queens
- 17.15 Everybody Loves Raymond
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show
- 19.10 No Activity (US)
- 19.40 The Neighborhood
- 20.10 Survivor (7.15)
- 21.00 Survivor (8.15)
- 21.50 Chicago Med
- 22.40 Station 19
- 23.30 The Late Late Show
- 00.15 Berlin Station
- 01.10 9-1-1
- 01.55 NCIS. Hawaii
- 02.40 In the Dark
- 03.25 Tónlist

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.35 Útsvar 2010-2011
- 14.30 Söngvaskáld Egill Ólafsson.
- 15.20 Líkamstjáning - Æfingin skapar meistarann
- 16.00 Hringfarinn - einn á hjóli í Afríku
- 16.55 Basl er búskapur
- 17.30 Á meðan ég man
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Hróturinn Hreinn
- 18.08 Millý spyr
- 18.15 Hvolpasveitin - Hvolpar bjarga melónuhátíð
- 18.37 Eldhugar
- 18.40 Krakkafréttir
- 18.45 Lag dagsins Óttarr Proppé - Prófessorinn kynnir sig.
- 18.52 Vikinglottó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Veður
- 19.30 EM stofan Upphitun fyrir leik Íslands og Svíþjóðar.
- 19.40 Ísland - Svíþjóð Bein útsending frá leik í undankeppni EM kvenna í handbolta.
- 21.15 EM stofan Uppgjör á leik Íslands og Svíþjóðar.
- 21.25 Kiljan Þáttur sem er löngu orðinn ómissandi í bókmenntaúrvalinu í landinu. Egill og bókelskir félagar hans fjalla sem fyrr um forvitnilegar bækur af ýmsum toga og úr öllum áttum.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Framúrskarandi vinkona (7 af 8) My Brilliant Friend.
- 23.05 Framúrskarandi vinkona (8 af 8) My Brilliant Friend.
- 00.20 Dagskrárlök

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.25 The O.C.
- 09.05 Bold and the Beautiful
- 09.30 Masterchef USA
- 10.10 Claws
- 10.55 Margra barna meður
- 11.25 Matargleði Evu
- 11.50 Um land allt
- 12.25 Nágrannar
- 12.50 Skítamix Ný og skemmtileg þáttaröð þar sem Halldór Halldórsson heimsækir allskyns ólíka Íslendinga sem allir eiga það þó sameiginlegt að þurfa hjálp við að dytta að einhverju á heimili sínu.
- 13.15 Gulli byggir
- 13.45 Líf dafnar
- 14.25 Framkoma
- 14.55 Schitt's Creek
- 15.40 Ireland's Got Talent
- 16.25 Lóa Pind. Snapparar
- 17.05 Last Week Tonight
- 17.25 Bold and the Beautiful
- 17.50 Nágrannar
- 18.26 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakkinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Kvöldstund með Eypóri Inga
- 20.00 10 Years Younger in 10 Days
- 20.50 The Good Doctor
- 21.30 Billion Pound Bond Street
- 22.20 Nach
- 22.40 The Blacklist
- 23.25 NCIS. New Orleans
- 00.05 Girls5eva
- 00.35 Grantchester
- 01.20 The Gloaming
- 02.15 The O.C.
- 02.55 Masterchef USA
- 03.35 Claws

Handboltalandsliðið í eldínunni á RÚV í kvöld

Kvennalandslið Íslands í handbolta mætir Svíþjóð í undankeppni Evrópumótsins í kvöld. Liðið tapaði stórt á útivelli gegn Svíum og hefur því harma að hefna. Leikurinn í kvöld fer fram á Ásvöllum og hefst klukkan 19.40. Íslenska liðið mætir svo Serbum í síðasta leik riðilsins þar sem liðið getur tryggt sig inn á Evrópumótið sem fram fer í nóvember.



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 skamma
- 5 fljótræði
- 6 íþróttafélag
- 8 linast
- 10 þys
- 11 vænting
- 12 samstæða
- 13 ill
- 15 einskær
- 17 kauða

LÓÐRÉTT

- 1 spræna
- 2 dans
- 3 klaka
- 4 nytjar
- 7 útbúa
- 9 heilsa
- 12 æsa
- 14 krap
- 16 æst

LÁRÉTT: 1 ávita, 5 ras, 6 fh, 8 slakna, 10 ys, 11 von, 12 sett, 13 reit, 15 algjör, 17 gaura.
LÓÐRÉTT: 1 árslytra, 2 vals, 3 ísa, 4 afnot, 7 hantera, 9 kvöldju, 12 síga, 14 elg, 16 ór.

Sudoku

6		1		2	5			
		2		5	9	8	1	
				3		4	6	
	6		8				2	
	5	8	1		7			9
				6				
1	9	5		4				
				7			3	
4		7	9			1	8	

7			6	2	4			
	6	2	4		5	7		
						8		
		6	8	4	7			
				1		4	6	
		5	2				7	
				6	9			
	4		7		1			
6	1	7					3	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli



MANNAMÁL

FIMMTUDAGA KL.19.00

Persónulegur viðtalsþáttur þar sem áhugaverðir og jafnvel þjóðkunnir Íslendingar segja frá lífi sínu og starfi á opinskáan og hispurslausan hátt. Stjórnandi þáttarins er Sigmundur Ernir Rúnarsson.



HRINGBRAUT

Myndir af vörðum

kolbrunb@frettabladid.is

Föstudaginn 22. apríl verður opnuð sýningin *Wörður*, vinur mínar eftir Önnu Maríu Lind Geirsdóttur í Listasafni Mosfellsbæjar. Foropnun er kl. 16-18 á föstudeginum og aðalopnun kl. 13-15 laugardaginn 23. apríl. Anna María sýnir ofnar myndir af vörðum.

Síðasti sýningardagur er 20. maí. Opnið er kl. 9-18 á virkum dögum og kl. 12-16 á laugardögum. ■



Anna María sýnir ofnar myndir af vörðum. MYND/AÐSEND




Mjög forvitnileg og áhugaverð innspýting. MYND/AÐSEND

LOKAVIKA Danskir DAGAR

20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
DÖNSKUM VÖRUM*



Skannaðu QR-kóðann til að skoða bæklinginn.



* Gildir ekki af sérpöntunum eða vörum frá Skovby.

HÚSGAGNA
HÖLLIN

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100

Hetjur hversdagsins

LEIKHÚS

Hetja

Tjarnarbió

Leikhópurinn Skýjasmiðjan

Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir

Leikarar: Aldís Davíðsdóttir, Ellen Margrét Bæhrenz, Fjölínir Gíslason, Orri Huginn Ágústsson og Stefán Benedikt Vilhelmsson

Höfundar: Leikstjóri og leikhópur

Grimur, búningar og leikmynd:

Aldís Davíðsdóttir

Lýsing: Fjölínir Gíslason

Tónlist: Eggert Hilmarsson og Sigurjón Sigurðsson

Hljóðmynd: Stefán Benedikt Vilhelmsson, Fjölínir Gíslason, Hjalti Stefán Kristjánsson, Eggert Hilmarsson og Sigurjón Sigurðsson

Sigríður Jónsdóttir

Leikhópurinn Skýjasmiðjan kom fyrst fram á sjónarsviðið fyrir tæpum áratug með leiksýninguna *Hjartaspaðar* sem fjallaði um uppþæki eldri borgara á dvalarheimili. Í *Hetju* færa þau sig örlítið um stað og sýningin var frumsýnd í Tjarnarbió fyrir nokkru síðan. Unglæknir hefur störf á spítala. Hennar biða flókin verkefni, síbreytilegt starfsumhverfi, starfsfólk af öllum gerðum og sjúklingar sem berjast fyrir lífi sínu.

Skýjasmiðjan sérhæfir sig í svokölluðum heilgrímuleik. Allir leikarar bera grímur sem ná yfir allt höfuðið. Leikurinn er þannig nánast án orða. Persónurnar eru dregnar upp með afgerandi persónueinkennum, Hreyfingamyndstærkar



Aðstandendur *Hetju* bera á borð sýningu sem snertir hjartastringina og sýna að nóg pláss er fyrir fjölbreytni í sviðslistum á Íslandi.

akteranna og andrúmsloft sýningarinnar er aflíðandi. Leikhópurinn í heild sinni kemst mjög vel frá látbragðsleiknum. Þau vinna saman sem ein heild líkt og starfsteymi á spítala, hver hreyfing úthugsuð og hugsa nánast sem ein manneskja. Mjög forvitnileg og áhugaverð innspýting í íslenskt leikhúslíf.

Stingandi frávik

Ágústa Skúladóttir fer mjúkum höndum um sögur persónanna sem arka á göngum spítalans og dvelja innan veggja hans. Hún og leikhópurinn standa að handritinu sem heppnast ágætlega. Mismunandi sviðsmyndir af spítalalífnum eru dregnar upp og litlar sögur birtast áhorfendum, ástin blómstrar og dægurvölin er stundum frumleg. Stóru sögunni um langveika barnið er lokað af kunnáttu en aðra hnúta mætti hnýta betur, til dæmis um möguleg veikindi eldri læknisins. Heimurinn sem birtist áhorfendum í *Hetju* er viðkvæmur og smíðaður af natni. Fyrir utan eitt stingandi

frávik. Dansatriðið undir lokin er fjörugt og væntanlega ætlað til að létta andrúmsloftið en er algjörlega á skjön við heildarmyndina. Uppbrot sem virkar alls ekki og atriði sem þyrfti að fjúka. Sérstaklega þegar nístandi fallega lokaatriði kemur strax í kjölfarið.

Leikandi vorvindur

Listræn umgjörð Aldísar Davíðsdóttur sem hannar leikmynd og búninga er virkilega vel heppnuð. Sviðið er afmarkað bæði til hliðanna og á dýptina, þannig færast persónurnar nær áhorfendum. Miðpunkturinn er síðan hurð fyrir miðju sviðsins sem ferjar persónur og leikmuni á milli atriða. Aldís er sömuleiðis heilinn og hendirnar á bakvið grímuhönnunina. Grímurnar eru listasmíð og hver annarri fallegri. Ljós lifandi persónur og fönndrað við smáatriði. Þegar orðin eru fá skiptir tónlistin öllu máli. Mikið veltur því á Eggert Hilmarssyni og Sigurjóni Sigurðssyni sem semja tónlistina. En þeir leysa verkefnið listilega vel úr hendi með ljúfum tónaheimi, endurtekingum í stefjum og kómískum innskotum.

Skýjasmiðjan kemur eins og leikandi vorvindur með sýningu fulla af kærleika. Aðstandendur *Hetju* bera á borð sýningu sem snertir hjartastringina og sýna að nóg pláss er fyrir fjölbreytni í sviðslistum á Íslandi. Vonandi þurfa áhorfendur ekki að biða aftur í nærri áratug til að sjá næstu sýningu. ■

NIÐURSTAÐA: Hugljúf og hjartnæm grímusýning.

Átök á sumarsýningu Grósku

kolbrunb@frettabladid.is

Sumarsýning Grósku verður opnuð í Gróskusalnum á 2. hæð við Garðatorg 1 í Garðabæ í dag 20. apríl kl. 18-20. Í þetta sinn er sýningin þó helguð átökum. Sýnendur eru 21 og allir í Grósku, félagi myndlistarmanna í Garðabæ. Sumir leggja út af stríði eða friði en átök geta þó verið alls konar, neikvæð og jákvæð, hið innra eða ytra, í mannlífnum eða náttúrunni; allt frá íþróttaleikjum, ástarleikjum og kynjaátökum til umbrota í náttúrunni, sálarstríðs og styrjalda.

Við opnunina syngur Guðrún Matthildur Sigurbergsdóttir við gítarleik Jóns Vals Guðmundssonar.

Sýningin er opin áfram dagana 21.-24. apríl og 30. apríl til 1. maí kl. 13.30-17.30. ■



Verk eftir Hrafnhildi Gísladóttur.

MYND/AÐSEND

**FRÉTTA
VAKTIN**

FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslíð fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is



HRINGBRAUT

Stílhrein gæðagarðhúsgögn frá Sensum



SENSUM[™]
Outdoor Living

Skepperholmen garðhúsgögn

Lounge garðsett úr svartlökkuðu galvaniseruðu stáli. Með 268 x 209 cm hornsófa, 73 x 75 cm garðstól og 100 x 60 cm garðborði. Sessur og púðar fylgja.

179.995.-

~~229.995.-~~



8 STÓLAR
FYLGJA

169.995.-

~~199.995.-~~

Stóll 13.995.-
Borð 99.995.-



Garðhúsgögn

Í settinu er Bordeaux garðborð og 8 Ralph garðstólar. Borðið er með svörtum nonwood plötum með stelli úr áli og garðstólum með svörtu textílene efni með grind úr áli. Það er hægt að stækka borðið frá 160 cm til allt að 260 cm. 2 auka borðplötur fylgja. Stærð: Borð: 160/210/260x74. Stóll 49x46 cm.



39.995.-

~~49.995.-~~



Gasgrill Atlanta II 450

4 brennarar, 17 kW. Hliðarbrennari, 3 kW. Grillflötur: 71 x 41 cm. Úr ryðfriú stáli. Grillgrind og hitamælir á loki. Hliðarborð



59.995.-



Gasgrill Spirit II E-210

2 brennarar, 7,77 kW. Grillflötur: 51 x 46 cm. Postulinsglerungshúðuð grillgrind úr steypujárni. Innbyggður hitamælir. Niðurfellanlegt hliðarborð (vinstra megin). Opinn vagn.

MÁNUDAGA-FÖSTUDAGA KL. 8:00-19:00
LAUGARDAGA KL. 10:00-18:00
SUNNU- OG HELGIDAGA KL. 10:00-18:00

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800

Tilboðin gilda eingöngu frá miðvikudeginum 20. apríl til og með sunnudeginum 24. apríl

BAUHAUS
VIÐ
JÖFNUM
VERÐIÐ
 NÁNARI UPPLÝSINGAR Á BAUHAUS.IS



Allt byrjar
 í BAUHAUS

Fáðu nýjar hugmyndir og deildu þínum á:
#alltbyrjaribauhaus



14 DAGA AFHENDINGARTÍMI



Emotion heitur pottur

Stór og djúpur heitur pottur með plássi fyrir allt að 6 manns. Í pottinum er legubekkur og 5 sæti. 22 ryðfrír nuddstútar og 10 LED ljós. 3kW. Stærð: 213x213x87 cm. Dýpt: 63,3-76,6 cm. Skel: 6,3 mm akrýl í Sterling Silver lit. Klæðning er grá. Tröppur fylgja ekki. **PARF AÐ SÉRPANTA.**

839.995.-



999.995.-



Northern Light heitur pottur

Heitur pottur sem er í senn einfaldur en miklum gæðum prýddur. Stærð 200 x 200 cm. Nuddstútar með LED-ljós. 2 stk. innbyggðir hátalarar, Bluetooth tenging, ilmeffnaðferð, 3 hnakkapúðar, LED-ljós undir vatni, svartar klæðningar og akrýlskel í Midnight bláum lit. Síur og lok fylgja með.



899.995.-



California heitur pottur

200 x 200 x 82 cm. 6 sæti þar af 1 hægindasæti, 4 venjuleg sæti og 1 barnasæti. 23 stútar og 2 loftbólustútar. Háeinangraður fyrir norðlægar slóðir. Slitpölinn og með viðhaldsfriú ytra byrði. Með lýsingu undir vatnsborði og ósonhreinsikerfi. Bandarískur Balboa stjórnbúnaður. Einangrunarlök fylgir. Aukabúnaður: möguleiki á WIFI tengingu.



10.995.-

Startpakki

Startpakki fyrir allar gerðir af heitum pöttum. 1 kg. Klórduft. 1 kg PH-plús, 1,5 kg pH mínus. Prufusett með prufutöflum.



35.995.-



Lyfta fyrir lok, fest undir botninn

Fest á klæðninguna og einfaldar verulega þegar lok er sett á eða tekið af. Minnkar slit á loki mjög mikið. Það fylgir með mynd af lyftu sem er fest á toppinn á pottinn. Sem er góð fyrir þá viðskiptavini sem vilja setja pottinn niður í pallinn.



21.995.-



Yfirbreiðsla á heita potta

Silfurlituð. Hentar vel til að verja pottinn gegn veðri og vindum. Stærð: 228 x 228 cm (+ 10 cm). Hentar á First Class, Infinity, Spacious, Massimo, og Colorado heita potta.



26.995.-



Hnakkapúðar

Sett með hnakkapúðum fyrir Montana heitan pott.



Friends-leikkonan er sívinsæl.

Jennifer Aniston enn þá fyrirmynd

ninarichter@frettabladid.is

„Þessar sem alltaf vilja vera með síða hárið eru að stytta að öxlum,“ segir Hrönn Baldvinsdóttir hárgreiðslumeistari á hárgreiðslustofunni Skugga við Ingólfsstræti, um hártísku sumarsins. Hún segir að gardínutoppar haldi áfram að vera í tisku, samhliða stórum liðum. En þeir sem gangi lengst í tiskunni núna fái sér svokallaðar shaggy-klippingar með miklum styttingum, í anda aldamótatískunnar. „Það er líka búið að vera vinsælt að lýsa hárið við andlitið, svona eins og hárið sé að upplitast í sólinni,“ segir hún. Síðan séu klassískar greiðslur sjöunda áratugarins að koma sterkar inn. „Beinar skiptingar, greitt til hliðar og ein spenna í hárinu. Þilsin eru síðan að stytta og þetta er alveg í samræmi við það, þetta stelpulega lúkk.“



Hrönn Baldvinsdóttir, hárgreiðslumeistari á Skugga

Hvað herratískuna varðar segir Hrönn að áhrif tíunda áratugarins séu þar greinileg. „Strákarnir eru búnir að vera með ýktara lúkk. Í vetur hafa þessir beinu toppar verið vinsælir með stuttu aflituðu hári. Ég held að það haldi áfram hjá þessum yngri kynslóðum en maður sér að þeir eru að safna meira að ofan. Vilja hafa smá lubba með og leyfa krullunum að njóta sín.“

En hverjir eru helstu áhrifavalarnir í hártískunni? „Strákarnir voru mikið að horfa á Flóna í vetur. En það er að minnka núna,“ segir Hrönn. Hún bætir við að konur haldi áfram að horfa til Jennifer Aniston sem hefur verið hártískuleiðtogi í áratugi. „Hún er alltaf vinsæl,“ segir Hrönn og minnst einnig á áhrif sjónvarpsþátta á við Euphoria, á hártískuna. ■

Rúrik sá þrettán ára stúlkur fæða börn

Athafnamaðurinn Rúrik Gíslason segist aldrei gleyma ferð til Malaví, sem hann fór á vegum SOS-barnabörpanna. Engin leið sé til að lýsa tilfinningunum sem hann upplifði á sjúkrahúsi í Malaví þar sem hann sá barnungar stúlkur fæða börn við vansæmandi aðstæður.

ninarichter@frettabladid.is

„Ég myndi ganga það langt að segja að þetta hafi algjörlega breytt sýn manns á lífið,“ segir Rúrik Gíslason, fyrirsæta, dansari og fyrrum knattspyrnumaður sem starfar sem velgjörðarsendiherra fyrir SOS-barnabörpin. Um páskana fóru af stað sýningar á heimildarmynd í tveimur hlutum um ferðalag Rúriks til Malaví.

Rúrik segir upphaf verkefnisins mega rekja til ársins 2018, þegar samtökin SOS-barnabörp höfðu samband við hann. „Þau báðu mig að gerast velgjörðarsendiherra SOS, sem snýst um að vekja athygli á samtökunum og því frábæra starfi sem þau vinna,“ segir hann.

Þrettán ára stelpur fæddu börn

Rúrik fór til Malaví á vegum SOS barnabörpanna, ásamt mági sínum Jóhannesi Asbjörnssyni. Úr varð heimildarmyndin Rúrik og Jóí í Malaví. „Hápunktur ferðarinnar var að hitta styrktarson minn sem var alveg magnað. En það sem kannski snerti mann alveg brjálæðislega var að fara á fæðingardeild þar sem við sáum bara þrettán ára stelpur fæða börn og fólk liggjandi á gólfinu,“ segir Rúrik. „Það er engin leið til að lýsa tilfinningunum sem fóru í gegnum mann þá,“ segir hann. „Ég mun aldrei gleyma þessu.“

Rúrik segist ekki hafa ætlað að þora að fara inn á deildina í fyrstu. „En stjórnendur spítalans vildu endilega sýna okkur þessa hátækni-fæðingardeild sem er í topp þremur yfir bestu fæðingardeildir í Malaví. En þetta er eitthvað sem við myndum aldrei sætta okkur við á Íslandi. Þetta var ekki mjög sæmandi fyrir fólk í þessum aðstæðum,“ segir hann.

Styrktarsonur í fótboltanum

Styrktarsonur Rúriks er hinn fjórtán ára gamli Blessings, sem býr í SOS-barnabörpi í Malaví. Rúrik segir að Blessings sé rosalega duglegur strákur. „Pabbi hans var



Hér má sjá Rúrik með malavíska styrktarsyninum Blessings, sem Rúrik segir efnilegan í fótbolta. MYND/ADSEND



Rúrik segir ferðina hafa breytt sýn sinni á lífið.



Hópur leiðir dans á SOS-barnaheimili.



Í landi þar sem virði íslensku krónunnar sextíufaldast, skiptir hver og ein króna gríðarlega miklu máli. Ég er ótrúlega þakklátur fyrir viðtökurnar sem þessi þáttur er búinn að fá.

Rúrik Gíslason

myrtur og ég þekki ekki örlög móður hans, en hann er munaðarlaus,“ segir hann. „Hann er heppinn og fær heimili í SOS-barnabörpi. Hann er að æfa fótbolta og ætlar sér að verða læknir í framtíðinni. Hann er gríðarlega efnilegur í fótbolta. Í framhaldi af heimsókninni okkar bauðst honum að fara til reynslu í fótboltaakademíu, þá einu sinnar tegundar í landinu, sem gefur krökkum tækifæri í framhaldinu til að fara á skólasyrki.“

Íslenska krónan sextíuföld

Að sögn Rúriks breytti ferðin sýn hans á lífið. „Ég held að það hafi allir gott af því að upplifa þetta. Þetta var ótrúleg upplifun og rosalega miklir kontrastar af því að það var bæði svo mikil gleði og mikil sorg. Mikið af tilfinningum að hellast yfir mann í einu,“ segir hann.

Þakklæti er Rúrik efst í huga þegar hann minnst á ferðina. „Í landi þar sem virði íslensku krónunnar sextíufaldast, skiptir hver og ein króna gríðarlega miklu máli. Ég er ótrúlega þakklátur fyrir viðtökurnar sem þessi þáttur er búinn að fá. Styrktarforeldrum hefur fjölgað um nokkur hundruð síðan við fórum í þessa ferð. Það gleður mig mikið. Það eru nokkur hundruð aukalega sem fá þá aðgang að svona þörpi,“ segir Rúrik Gíslason.

Heimildarmyndin er sýnd í Sjónvarpi símans og hægt er styrkja barnabörpin með tveimur leiðum, annars vegar sem styrktarforeldri sem borgar mánaðarlega, eða sem fjölskylduvinnur. Fjölskylduvinnur styrkja Fjölskylduefningarverkefni SOS þar sem stutt er við börn og fjölskyldur í sárafatækt. Frekari upplýsingar má finna á sos.is. ■

Töfraraunsæi í borg óttans

KVIKMYNDIR

Berdreymi

Leikstjórn og handrit:

Guðmundur Arnar Guðmundsson

tsh@frettabladid.is

Berdreymi er nýjasta mynd leikstjórans Guðmundar Arnar Guðmundssonar sem vakti mikla athygli fyrir frumraun sína Hjartastein 2016. Í Berdreymi fetar Guðmundur svipaðar slóðir, hér er reynsluheimur íslenskra ungmenna í forgrunni, söguviðid er Ísland á óráðum tíma, auk þess sem áföll og fjölskylduharmleikir eru alltumlykjandi. Þó kveður hér við nýjan tón í höfundaverki Guðmundar, sveitin vikur fyrir borgarlandslagi og þótt myndin gerist í raunveruleikanum þá svifur töfraraunsæi yfir vötnum.

Myndin segir frá unglings-



stráknum Adda (Birgir Dagur Bjarkason) sem er alinn upp af einstæðri móður með skyggniáfu (Aníta Briem). Addi ver dögunum í strákapör með vinum sínum Konna (Viktor Benóný Benediktsson) og Sigga (Snorri Rafn Frimannsson), villingar með hjarta úr gulli. Einn dag ákveður Addi að bjóða Balla (Áskell Einar Pálma-

son) inn í vínahópinn, strák sem kemur frá brotnu heimili og lent hefur í einelti. Með strákunum tekst djúp vinátta sem markast af miklu ofbeldi og brátt tekur Addi sjálfur að upplifa yfirnáttúrulegar skynjanir.

Berdreymi er átakanlegt en listilega vel smíðað verk. Klipping og kvikmyndataka er nánast óað-

Gagnrýnandi telur Berdreymi eiga eftir að vekja athygli innan sem utan landsteinanna.

finnanleg og myndin flæðir áfram eins og vel sviðsettur dans. Þá eru á nokkrum stöðum í myndinni tæknibrellur sem ýta undir yfirskilvitleg umfjöllunarefni en eru nógu smekklega gerðar án þess að vera yfirþyrmandi.

Nokkrir af þekktari leikurum landsins fara með stuðningshlutverk í myndinni. Aníta Briem skilar hlutverki sínu sem móðir Adda einkar vel auk þess sem Ólafur Darri er mjög sannfærandi sem ofbeldisfullur stjúpfaðir Balla.

Stjórnur myndarinnar eru þó strákarnir fjórir. Leikur þeirra er bæði náttúrulegur og lifandi og tengingin á milli þeirra félaga greinilega sterk. Þessir ungu menn eiga augljóslega allir framtíðina fyrir sér í leiklistinni og eiga hrós skilið fyrir jafn sterka frammistöðu í mynd sem fjallar um svo átakanleg málefni. Eina lýtið er að þeir eru á tíðum svolitíð óskýrmæltir

sem kemur aðeins niður á textaflutningnum.

Berdreymi fjallar um mjög alvarlega hluti á borð við heimilisofbeldi, einelti, áfengis- og eiturfjafn og kynferðislega misnotkun. Handritið og leikstjórnin nálgast þessi umfjöllunarefni að mestu leyti af virðingu en undirritaður verður þó að setja spurningarmerki við þá tilhneigingu íslenskra kvikmyndagerðarmanna að nota kynferðisofbeldi gegn börnum sem söguframvindu í verkum sínum en það hefur verið gert í nokkrum nýlegum íslenskum kvikmyndum. Að því undanskildu verður þó að segjast að Berdreymi er einstaklega áhrifarík mynd sem mun án efa vekja athygli bæði innan sem utan landsteinanna. ■

NIÐURSTAÐA: Listilega vel gerð kvikmynd um grafalvarleg umfjöllunarefni.

Gleðilegt sumar!

Allir út að leika!



Sandkassasett - Hvolpasveit
2.819 kr.



Sandkassasett með ísformum
1.599 kr.



Fótbolti
2.499 kr.



Götukrít Jumbo - 54 stk. í boxi
2.199 kr.



Vatnsbrúsi og blöðrur
899 kr.



Vatnsbyssa
2.299 kr.



Flugdreki (4 mismunandi gerðir í boði)
1.629 kr.



Veiðisett - Stöng og 4 fiskar
999 kr.



Golfsett
2.499 kr.



Gríparar - Sett með 2 boltum
1.299 kr.

www.penninn.is
s: 540-2000



Frí heimsending*
ef pantað er fyrir 10.000 kr.
eða meira á vefnum okkar
*á ekki við um húsgögn og fyrirtækjapjónustu

PENNINN

Eymundsson

EXTRA EXTRA GOTT Í SUMAR*



2299 kr.stk.

Dessert Italiano
Tiramisù 6*85



2399 kr.stk.

Garcia Tapas Cheese
Selection



1749 kr.stk.

Ford Farm Wensleydale
w/Cranberries

*Breytilegt úrval milli verslana

Barónsstígur • Reykjanesbær • Akureyri



Rune Thorsteinsson kennir íslenskum grunnskólabörnum að spila á múrbala.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Tónlistarveisla barna með múrbalatónverki

Tónlistarhátíðin Big Bang Festival verður haldin með pompi og prakt í Hörpu á sumardaginn fyrsta. Danskur tónlistarmaður mun leiða hóp íslenskra skólabarna í tónverki þar sem múrbalar leika aðalhlutverkið.

eramaria@frettabladid.is

Danski tónlistarmaðurinn og tónskáldið Rune Thorsteinsson er staddur hér á landi til að taka þátt í Big Bang tónlistarhátíðinni sem haldin verður á Íslandi í fyrsta skipti. Hátíðin er listviðburður sem miðar að yngri áhorfendum og verður Hörpu breytt í eins konar tónlistarvölundarhús, með smíðjum, innsetningum og tónleikum.

„Ég hef farið á Big Bang Festival erlendis og þegar mér var boðið að koma hingað og taka þátt ákváð ég að slá til, enda þykir mér mjög vænt um landið og ræturnar mínar,“ segir Rune, en hann á ættir sínar að rekja til Íslands.

„Afi minn var frá Dalvík. Það er alltaf jafn dásamlegt að fara til Dalvíkur. Síðast þegar ég kom þangað tóku norðurljósin á móti mér og ég hugsaði með mér: Þetta er líkt og að forfedurnir séu að bjóða mig velkominn,“ segir Rune og hlær.

Segir töfrana liggja í taktinum

Rune segir það alltaf jafn gott að koma hingað til lands, hér eigi hann

”

Ég gef þeim mismunandi merki, eins konar tónlistartáknmal, svo þau geti fylgt tónlistinni og mér sem stjórnanda.

ættingja sem hann hitti reglulega. „Ég reyni alltaf að ferðast aðeins um landið í hvert skipti sem ég kem hingað. Ég keyri til dæmis oft að Skógafossi, því eitt af því góða við það að ferðast sem tónlistarmaður er að maður fær tækifæri til að sjá heiminn inn á milli verkefna.“

Þrátt fyrir að vera með aðsetur í Kaupmannahöfn hefur Rune verið á faraldsfæti síðustu 15 árin og hefur haldið tónleika vítt og breitt um heiminn, meðal annars í Asíu, Evrópu, Suður-Ameríku og Afríku. Að mæta á tónleika hjá honum sé þó örlítið frábrugðið því sem fólk á að venjast. „Ég blanda gjarnan saman tónleikum og smíðjum þar sem áhorfendur fá að taka virkan þátt í gjörningum.“

Á hátíðinni verður Rune með

nýstárlegan tónlistargjörning. „Ég er búin að fara í þrjá grunnskóla í Reykjavík og kenna rúmlega 120 börnum að spila á múrbala.“ Þetta sé í raun bara risastór trommu-sinfónía sem hann sé að búa til ásamt börnunum.

„Ég gef þeim mismunandi merki, eins konar tónlistartáknmal, svo þau geti fylgt tónlistinni og mér sem stjórnanda. Síðan blöndum við þessu sláttarverki við píanó og trommur. Við viljum gefa börnum og áhorfendum innsýn í það hvernig það er að vera saman í takt. Þar gerast töfrarnir.“

Undraheimur tónlistar kynntur

Hann segir slíka tónleika gefa krökkum upplifun af því að æfa í takt, standa á sviði og flytja saman tónlist. „Eitt af markmiðunum er að kynna hljóðfæri og tónlist fyrir börnum og mögulega leiða þau inn í heim tónlistarinnar. Að þau fái innblástur og áhuga á tónlist og vilji í kjölfarið kannski læra á eitthvað hljóðfæri.“

Þegar kemur að slíku tónleikahaldi segir Rune tónleika á borð við þessa aldrei fyrir fram ákvarðaða. „Það er alltaf mikið kaos þegar unnið er með börnum, sérstaklega 120 börnum að tromma. Ferlið er í raun skapað eftir því sem liður á æfingar.“ Þannig eigi það að vera. „En svo smellur þetta allt saman á endanum og úr verður tónlistarveisla.“ ■

Dusta rykið af samstæðu drögtunum

ingunnlara@frettabladid.is

„Sissa ætlar að koma fram og syngja með mér. Nei eða já er nefnilega 30 ára. Sissa hefur ekki sungið með mér síðan á Eurovision og það verður svo geggjað að fá hana með mér á sviðið.“

Þetta segir söngkonan sívinsæla Sigga Beinteins sem fagnar 40 ára söngafmæli sínu og 60 ára afmæli í Hörpu þann 7. maí næstkomandi. Sömuleiðis á Eurovision-slagarinn Nei eða já 30 ára afmæli.

Sigga hefur gefið út átta sólóplötur og sex hljómplötur með Stjórninni og hefur sömuleiðis tekið þátt í að ala upp þjóðina með vinsælu barnaefni í sjónvarpinu.

Hún hefur farið oftast sem for-



Sigga Beinteins

söngvari fyrir hönd Íslands í Eurovision, fyrst árið 1990 með laginu Eitt lag enn með Stjórninni, svo árið 1992 þar sem hún flutti lagið Nei eða já með Sigrúnu Evu Ármannsdóttur í Heart2Heart og að lokum árið 1994 með ballöðuna Nætur.

Atriði Siggú og Sissu í Malmö sló rækilega í gegn. Helena Jónsdóttir samdi fyrir þær samhæfðan dans og

þær dönsuðu saman á sviðinu í samstæðum pilsdrögtum, Sigga í gulri dragt og Sissa í rauðri. Búningarnir, sem voru hannaðir af Maríu Ólafsdóttur, hafa verið í geymslu hjá RÚV og Sigga kíkti þangað fyrir nokkru að sækja þá fyrir 40 ára söngafmæli sitt.

„Eurovision var það skemmtilegasta á mínum ferli. Ég á 40 ára feril í ár og þessar ferðir standa upp úr.“

Aðspurð hvort hún muni taka nokkra Júró-slagara svarar Sigga játandi. Hver veit nema hún og Sissa stígi nokkur spor fyrir tónleikagesti í Eldborg.

„Það kemur í ljós hvort við tökum sporin aftur. Ég veit það ekki, það verður að koma í ljós,“ svarar Sigga og hlær. ■



BRANDSON
- 6 ÁRA -

AFMÆLISTILBOÐ

20% - 90%
AFSLÁTTUR

BRANDSON.is

Skannaðu með síma



til að skoða tilboð

 @brandson.design


 @brandson.design

 @brandsonclothing

Opið á morgun sumardaginn fyrsta í öllum verslunum



598
kr./pk.



298
kr./pk.



359
kr./stk.



798
kr./stk.



1.998
kr./stk.

BÓNUS

598

kr./pk.



Smash style hamburgarar
2x 120 g



Hamborgarasósa
300 ml

459

kr./pk.



598

kr./pk.



Með
íslensku
flögusalti

SPG krydd
130 g

598

kr./pk.



Hamborgarakrydd
120 g



1.298

kr./pk.



Bambo Nature bleiur

998

kr./pk.



Van Egmond gróðurmold

40 ltr

196

kr./pk.



Koop garðhanskar

1.998

kr./kg

6 sneiðar
í pk.

Íslandslamb
lambagrillpakki



Sama verð
og í fyrra



Bakþankar



Benedikts Böasar
Hinrikssonar

Molbúaland

„Við erum eins og molbúar í þessum efnum,“ sagði landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson í þættinum Í bituð í gær. Guðmundur talaði þar um þjóðarhöllina sem mun trúlega aldrei rísa en ótrúlegt en satt erum við Íslendingar eins og molbúar í alls konar.

Ég eyddi páskunum í Tallinn, þar sem Bolt-appið er á heimavelli. Þar er hægt að panta mat, panta leigubíl, panta rafmagnsbíl og bara nefndu það. Hér á Molbúalandi eru alls um 200 leigubílar til að selflytja ferðamenn. Heimamenn í Tallinn nota reyndar bara almenningsamgöngur enda fá þeir frítt um borð, hvort sem það er í sporvagn, lest eða strætó.

Allir drekka lókal bjórinn í Tallinn. Annað hvort A le Coq eða Saku enda mun ódýrari. Maður getur auðvitað fengið sér alls konar á dælu en það er mun dýrara. Persónulega hef ég aldrei skilið af hverju íslenskur bjór er ekki ódýrari en sá erlendi. Það hlýtur að vera rökrétt og atvinnuskapandi að brugga meira af íslenskum bjór. Hann er nefnilega ansi góður.

Í búðum í Tallinn er hægt að fá vín og bjór og sterkt vín meira að segja líka. Svona mætti lengi telja. Allir sem hafa farið úr Molbúalandi upplifa einfaldari tíma erlendis.

Tallinn er frábær borg. Þar er allt einfalt og gott. Og viti menn, þeir eiga líka geggjadan þjóðarleikvang og þjóðarhöll og bara allt. Það svæði skilst mér að hafi risið á þremur árum.

Stjórnámálamenn, bæði í ríki og borg þurfa að opna augun, og landið um leið, fyrir nýjum tímum, hvort sem öppin heita Uber, Lyft eða Bolt eða hvað sem er. Færa Molbúaland aðeins nær nútímanum. ■

**pappír
umhverfið
prentun**

LITRÓF

UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is



Loksins summar